



SKODUN Jórunn Sørensen skrifar um skert réttindi hunda og eigenda þeirra. **16**



LÍFIÐ Friðrik Karlsson spilar með Kate Bush á fyrstu tónleikaröð hennar í 35 ár. **38**



SPORT Ólafur heitinn Rafnsson á þátt í því að Ísland komst á EM í körfu. **34**



**NÝR 4BLS
BÆKLINGUR**
4BLS AFMÆLIS BÆKLINGUR Í FRÉTTABLAÐINU Í DAG
TÖLVUTEK
Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

MEST LESNA
DAGBLAD Á ÍSLANDI*

Föstudagur

29. ágúst 2014
202. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

Samkvæmt sagnflokkskenni Capacent tilgangi 2013

FRÉTTABLAÐIÐ

LÍFIÐ



Hræðist ekki að eldast

Kvikmyndaframleiðandinn Margrét Hrafnsdóttir flutti til Los Angeles snemma á tíunda áratug síðustu aldar. Nú er hún orðin virt í bransum þar ytra og nóg í þípunum.

FRÉTTIR

Vilja losna við sígalandi hana

Bæjaryfirvöld í Mosfellsbæ vilja að lögþýli í þéttbýli verði aflögð til að geta beitt sér gegn landnámshönum sem gala út í eitt. **2**

Breytingar á styrkjakerfi landsbyggðarinnar Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra tekur við forræði yfir styrkjum til menningartengdrar ferðaþjónustu. **4**



THAÐDOR

16

Bolungarvík	11°	SA	2
Akureyri	14°	SA	4
Egilsstaðir	13°	A	5
Kirkjubæjarkl.	12°	A	2
Reykjavík	13°	SA	4

Afram hlýtt í dag verður yfirleitt hægur vindur og skýjað með köflum en léttskýjað norðan- og norðaustantil. Hiti á bilinu 12-18°C, hlýjast NA-lands. **4**

3 SÉRBLÖÐ

Lífið | Ráðstefnur og veislupjónusta | Fólk



FLJÓTLEGT OG PÆGILEGT

247



Tveir af hverjum þremur vilja að Hanna Birna hætti

Alls vilja 67 prósent aðspurðra í skoðanakönnun Fréttablaðsins að Hanna Birna Kristjánsdóttir segi af sér embætti. Hanna Birna segir það ekki koma sér á óvart að andstæðingar ríkisstjórnarinnar vilji hana burt.

STJÓRMÁL Sextíu og sjö prósent beirra sem afstöðu tóku telja að Hanna Birna Kristjánsdóttir innanríksráðherra eigi að segja af sér embættinu. 33 prósent telja að hún eigi ekki að segja af sér. Þetta sýna niðurstöður skoðanakönnunar Fréttablaðsins.

Séu svörin skoðuð í heild kemur fram að 53% aðspurðra telja að Hanna Birna ætti að segja af sér. 26% telja að hún eigi ekki að segja af sér en 21% voru óákvæðir í afstöðu sinni. Séu niðurstöður

skoðaðar eftir stjórmálflokkum sést að 51% framsóknarmanna sem afstöðu taka vilja að hún segi af sér og 45% sjálfstæðismanna. 86% stuðningsmanna Bjartrar framtíðar vilja að hún segi af sér, 83% stuðningsmanna Samfylkingarinnar, 88% stuðningsmanna VG og 90% stuðningsmanna Pírata.

„Það kemur ekki að óvart að andstæðingar ríkisstjórnarinnar og Sjálfstæðisflokkssins telji að ég eigi að gera eitthvað annað en að vera í þóltík. Undanfarnir dagar

hafa verið mjög erfjöldan óvægin og erfid og ég held að þetta endurspeglir það,“ sagði Hanna Birna þegar niðurstöðurnar voru bornar undir hana í gærkvöldi.

Spurt var: Finnst þér að Hanna Birna Kristjánsdóttir eigi að segja af sér embætti innanríksráðherra? Svarmöguleikarnir voru Já, nei, óákvæðinn og svara ekki.

Hringt var í 1.056 manns þar til náðist í 650 manns. Úrtakið var lagskipt slembiúrtak. - jhh

33%

Finnst þér að Hanna Birna Kristjánsdóttir eigi að segja af sér?

JÁ NEI

67%

Skoðanakönnun Fréttablaðsins 27. og 28. ágúst



SLYS Tveir flugmenn lento í vandræðum á fisflugvél í Mosfellsbæ í gærkvöldi. Lending beirra misheppnaðist þannig að vélin hafnaði á ljósastaur. Mennirnir slösudust lítillega. Þingvallavegi var lokað um tíma vegna óhappsns. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ



SETTU SINK SVIP Á SAN SIRO Stjörnumenn burstaðir ytra:

Úti er ævintýri

FTÓBOLTI Stjörnumenn eru úr leik í Evrópudeildinni eftir 6-0 tap fyrir Internazionale á San Siro í gærkvöldi. Ítalska liðið vann því samanlagt 9-0.

Stuðningsfólk Stjörnunnar fjölmenni til Milanó og var mjög áberandi á pöllunum. Stjörnumenn fólk og Sílfursveitin héldu líka áfram að hvetja Stjörnuliðið allan leikinn þrátt fyrir að Garðbæingar hafi átt litla möguleika á móti gríðarsterku liði Inter. Evrópævintýri Stjörnunnar er því á enda en það fer svo sannarlega í sögubækurnar.

- 66j

Prír ungar piltar hafa verið á fullu við að undirbúa sig fyrir hlutverk Billy Elliot:

Voru valdir úr 900 manna hópi

„Það má segja að við séum alveg að verða ballettdansarar en við erum samt allir jafn góðir,“ segir hinn 13 ára gamli Baldvin Alan Thorarensen en hann mun, ásamt hinum 12 ára gamla Sólvi Viggóssyni Dýrfjörð, og hinum 11 ára gamla Hirti Viðari Sigurðarsyni, leika ballettdansarann Billy Elliot í nýrri uppfærslu í Borgarleikhúsini í vetur undir leikstjórn Bergs Þórs Ingólfssonar.

„Við erum búnir að vera í stífum ballettaefingum í sumar og erum orðnir mjög vöðvaðir og massaðir, þetta er ótrúlega erfitt,“ segir Hjörtur Viðar og hlær. Þeir hafa ekki eingöngu lært dans, því þeir hafa einnig lært leiklist, söng, fímléika og djassballett. „Þeir boldu

- gip / sjá síðu 38



BILLY ELLIOT SÝNING Baldvin Gunnarsson (blár bólur), Hjörtur Viðar Sigurðarson og Sólvi Viggósson (gul peysa)

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



NÝJAR VÖRUR KOMNAR Í HÚS

NEXT • KRINGLUNNI • SÍMI 5513200

SPURNING DAGSINS



Hafros, eruð þið eins og villuráfandi sauðir?

Nei nei. Hvað ertu sauðdrukkinn, lambið mitt?

Hafrós Huld Einarsdóttir er bónið á bænum Fremri-Gufudal í Gufudalshreppi þar sem er svo rúmt um sauðré að það tok búalíðið fjörutí daga að ná því af fjalli síðasta haust.



STÁL Í STÁL Löggregla stöðvaði mótmælendur í að loka breiðgötum í Buenos Aires í gær.

Mótmæla miklu atvinnuleysi og fjörutí prósentu verðbólgu:

Efndu til verkfalls í Argentínu

ARGENTÍNA Argentínskir verkamenn efndu til sólahringslangs allsherjarverkfalls í gær vegna aukins atvinnuleysis, fjörutí prósentu verðbólgu og vandræða stjórvalda í Argentínu við að greiða skuldur sínar.

Meðlimir verkalýðsfélaga og aðgerðasinnar settu upp vegartálma á umferðaræðum í Buenos Aires og stöðvuðu ferðir rútu- og leigubílstjóra sem ekki tóku þátt í verkfallinu. Verkalýðsfélög vilja að uppsagnir verði bannaðar næsta árið.

Mikil veiði á Neskaupstað:

25 þúsund tonn af makríl veidd

SJÁVARÚTVEGUR Búið er að landa 25 þúsund tonnum af makríl í höfninni í Neskaupstað á þessari vertíð.

Riflega helmingur veiðinnar var nýttur til vinnslu í fiskiðjuveri Síldarvinnslunnar í Neskaupstað, eða þrettán þúsund tonn. Afgangurinn af makrílum, tólf þúsund tonn, var veiddur af frystiskipum. Af frystiskipunum hefur Vilhelm Þorsteinsson EA landað mestu.

Húsleit löggreglu í Hafnarfirði: Fundu kannabis og amfetamín

LÖGREGLUMÁL Löggregla leitaði í tveimur húsum í Hafnarfirði á þriðjudag. Í öðru húsinu fannst eitt og hálft kíló af kannabisefnum auk ýmissa muna sem grunur leikur á að séu þýfi.

Í hinni húsleitinni fann löggregla hálft kíló af kannabisefnum. Húsráðandi, karl á fertugsaldri, var handtekkinn vegna rannsóknar málsins en í fórum hans fannst amfetamín. Húsleitirnar voru vegna óskyldra mála.

„Par sem um lögþýli er að ræða höfum við engin tæki eða tól til að bregðast við. Þeim sem búá á lögþýlum er frjálst að hafa hana þótt nágrönnunum finnist það ekki öllum jafn spennandi,“ segir Bryndís Haraldsdóttir, formaður bæjarráðs, sem kveður málið þó ekki úr sögunni af hálfu bæjaryfirvalda. „Við erum að skoða skrá yfir lögþýli í Mosfellsbæ og erum að láta kanna hvort eðlilegt sé að óska eftir því við innanríkisráðuneytið að lögþýli innanþéttbýlis verði feld niður.“

Kristján Ingi hyggst ekki gefa eftir lögþýlisrétt sinn. „Það þarf þá að fara fyrir Alþingi,“ segir hann.

Að sögn Kristjáns Inga hefur bæði heilbrigðiseftirliti og dýraeftirlitsmanni, auk löggreglu, verið stefnt að Suður-Reykjum.

„Það átti held ég að slátra þeim hérna í heimkeyrslunni en þeim varð ekki kápan úr því klæðinu,“ segir Kristján sem undirstrikar að hanarnir hafi mikilvægu hlutverki að gegna. „Þeir eru að passa upp á hænurnar mínar. Meðan hænur hafa hana þá stjórnar haninn en ef það eru

Borgarstjórn tekur endanlega ákvörðun um sölna, en Framsóknarmenn og flugvallarvinir bókuðu gegn henni í gær og sögðu tímasetningu sölnunnar afleita sem og framkomið ver.

Í bókun sjálfstæðismanna segjast þeir einnig telja að söluverð sé of lágð. „Rétt er að biða með sölu eignanna þar sem allt bendir til þess að söluverð eigna í hjarta borgarinnar muni hækka,“ segja sjálfstæðismenn í bókun sinni.

- jhh



LAUGAVEGUR 6 Húsin að Laugavegi 4 og 6 að frumkvæði Ólafs F. Magnússonar, þáverandi borgarstjóra.

FRÉTTABLAÐID/ANTON

Borgarráðsfulltrúar minnihlutans telja söluverðið á eignum við Laugaveg og Skólavörðustíg of lágt: Samþykja sölu húsa að Laugavegi 4 og 6

BORGAMÁL Borgarráð hefur samþykkt að selja fasteignirnar við Laugaveg 4 og 6 og Skólavörðustíg 1 a. Ákvörðun um þetta var samþykkt í gær með fjórum atkvæðum borgarráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Bjartrar framtíðar, Vinstrí grænna og Pírata. Fulltrúar Sjálfstæðisfloksins og Framsóknar og flugvallarvina greiddu atkvæði á móti.

Í bókun borgarráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina segir að tap borgarsjóðs af pess-

um gerningi sé rúmar 338 milljónir króna og rúmar 409 milljónir króna ef ekki sé tekið tillit til afskrifta sem þegar hafi verið gerðar.

Petta er hluti af lóðinni sem borgin keypti ásamt fasteignum fyrir 580 milljónir árið 2008. Kaupin voru gerð í tengslum við samstarfsfyrlysingu Ólafs F. Magnússonar og sjálfstæðismanna í borgarstjórn þegar myndaður var nýr meirihluti í borgarstjórn og Ólafur F. varð borgarstjóri.

Galandi hanar njóta verndar lögþýlaskrár

Bæjaryfirvöld í Mosfellsbæ vilja að lögþýli í þéttbýli verði aflögð. Þá geti þau beitt sér gegn tveimur landnámshönum sem nágranni í Reykjahverfi segir sígalandi. Eigandi hananna segist ekki gefa lögþýlisréttinn eftir nema Alþingi breyti lögum.

UMHVERFISMÁL „Þeir gala og gala og gala. Þeir gala alveg út í eitt,“ segir Vígmundur Pálmarsson í Mosfellsbæ sem óskar eftir því að bæjaryfirvöld beiti sér gegn tveimur landnámshönum sem nágranni hans heldur.

Vígmundur býr á Reykjahvoli við Varmá. Handan árinnar býr Kristján Ingi Jónsson á Suður-Reykjum. Kristján heldur flokk landnámshænsna. Þar á meðal eru tveir hanar.

„Par sem um lögþýli er að ræða höfum við engin tæki eða tól til að bregðast við. Þeim sem búá á lögþýlum er frjálst að hafa hana þótt nágrönnunum finnist það ekki öllum jafn spennandi,“ segir Bryndís Haraldsdóttir, formaður bæjarráðs, sem kveður málið þó ekki úr sögunni af hálfu bæjaryfirvalda. „Við erum að skoða skrá yfir lögþýli í Mosfellsbæ og erum að láta kanna hvort eðlilegt sé að óska eftir því við innanríkisráðuneytið að lögþýli innanþéttbýlis verði feld niður.“

Kristján Ingi hyggst ekki gefa eftir lögþýlisrétt sinn. „Það þarf þá að fara fyrir Alþingi,“ segir hann.

Að sögn Kristjáns Inga hefur bæði heilbrigðiseftirliti og dýraeftirlitsmanni, auk löggreglu, verið stefnt að Suður-Reykjum.

„Það átti held ég að slátra þeim hérna í heimkeyrslunni en þeim varð ekki kápan úr því klæðinu,“ segir Kristján sem undirstrikar að hanarnir hafi mikilvægu hlutverki að gegna. „Þeir eru að passa upp á hænurnar mínar. Meðan hænur hafa hana þá stjórnar haninn en ef það eru



MED LANDNÁMSHÆNSNUM Kristján Ingi Jónsson segir hanamálið að hluta vera flokkspolitískt. „Eg er náttúrulega ekki sjálfstæðismaður,“ segir Kristján sem bauð sig fram fyrir Mosfellslistann.

eingöngu hænur þá er allt í vitleysu því þá er goggunarröðin öll í tömu tjóni.“

Fyrir nokkru var reistur hljóðeinangraður kofi yfir hænsnir á Suður-Reykjum. Kristján segir hönunum hleypt út klukkan tíu eða ellefu á morgnana. Þeir galí „nokkrum sinnum“ yfir daginn þar til þeir fari inn í kofann klukkan sjó á kvöldin.

Vígmundur viðurkennir að með kofanum hafi ástandið skánad frá því áður þegar hann var vakinn af hanagali klukkan hálf fimm á morgnana. „En það eru

Meðan hænur hafa hana þá stjórnar haninn en ef það eru eingöngu hænur er allt í vitleysu.

Kristján Ingi Jónsson á Stóru-Reykjum

allir hérna megin við ána búinir að fá nóg. „Þeir gala á tuttugu til brjáttí sekúndna fresti yfir allan daginn. Það er alveg fáránlegt að leyfa sér þetta.“

gar@frettabladid.is

Reynir Traustason segir ritstjórn DV samstíga í að standa af sér aðför:

Lofar fjörugum aðalfundi DV

FJÖLMÍÐLAR Í dag verður aðalfundur hlutafélags DV haldinn, þar sem meðal annars verður kosið í nýja stjórn félagsins. Með nýrrí stjórn er hægt að ráða nýjan framkvæmdastjóra félagsins og þar með nýjan ritstjóra.

Ingí Freyr Vilhjálmsson, blaðamaður DV, skrifaði leiðara fyrir í vikunni þar sem kom fram að Sigurður G. Guðjónsson hæstaréttarlögmaður og Þorsteinn Guðnason, fyrverandi stjórnarformaður DV, reyni að ná meirihluta í hluthafahópi DV og telur blaðamaður forsendur fyrir yfirtökum ekki faglegar heldur snúist þær um valda- og áhrifakaup.

„Já, ég get lofað þér að það verður fjörugt á fundinum,“ segir Reynir Traustason, ritstjóri DV, en Björn Leifsson, eigandi World Class og nýr hluthafi félagsins, hefur opinberlega lýst því yfir að hann vilji að „mannordósmorðingjanum“ Reyni verði komið frá.

„Við ritstjórin erum mjög samstíga að standa af okkur aðför Björns. Við daúðskömmumst okkar fyrir að hafa bennan mann í hluthafahópnum en við ætlum að mæta honum,“ segir Reynir sem segist vera þraelbrattur og alveg til í að víkja ef vilji er



ER PRÆLBRTTUR Reynir Traustason, ritstjóri, stjórnarmaður og einn eigenda DV, segist eingöngu víkja á eðlilegum forsendum.

FRÉTTABLAÐID/STEÐAN

fyrir því en það verði að vera á eðlilegum forsendum.

„Fjölmíðlar eiga að fá sem mestan frið frá peningavaldinu en á endanum eru það náttúrulega peningarnir sem tala,“ segir Reynir og bætir við að ymislegt geti komið á óvart á fundinum í dag.

- ebg

OPID HÚS

Á MORGUN
30. ÁGÚST
MILLI 13 OG 16

MÍDASALA | 568 8000 | BORGARLEIKHUS.IS



VELDU ÞÉR ~SKEMMTILEGT~ AKSTURSLAG

NÝR YARIS
SÝNING Á LAUGARDAG

Sýnum nýjan Yaris, laugardaginn 30. ágúst kl. 12–16, hjá viðurkenndum söluaðilum Toyota.
Nýr og breyttur Yaris heldur í við framtíðina með snjallri hönnun að innan sem utan. Háþróað margmiðlunarkerfi, nýr 7" skjár og bakkmyndavél ásamt öflugum öryggisbúnaði eru umgjörðin fyrir þitt uppáhalds aksturslag. Hagkvæm eldsneytisnotkun og minni CO₂ útblástur fellur lipurlega að afslöppuðum akstri hvort sem þú velur **bensín-, dísil- eða hybrid-útgáfuna**. Líttu inn hjá viðurkenndum söluaðilum Toyota á laugardag. Skoðaðu, reynsluaktu og taktu lagið á nýjum Yaris.

Verð frá 2.690.000 kr.

Fáðu nánari upplýsingar á www.toyota.is



Toyota Kauptúni
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjavik
Njarðarbraut 19
Reykjavik
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

SVONA ERUM VIÐ



11.000 fýlar, tæplega, voru veiddir
á Íslandi

árið 2000, en síðan hefur veiði
minnkað ár frá ári.

3.352 fuglar voru veiddir árið 2012.



SAMRUNI Konunglega Kvíkmynda-félagið og 365 miðlar renna nú saman.

Enginn skaði á samkeppni:

Mun ekki stöðva samruna við 365

FJÖLMIÐLAR Samkeppniseftirlitið hyggst ekki hafa afskipti af samruna 365 miðla og Konunglega kvíkmyndafélagsins, sem rak Miklagarð og Bravó.

Petta kemur fram í úrskurði Samkeppniseftirlitsins sem birtur var í gær. Eftirlitið segir að samruninn muni ekki hafa skaðleg áhrif á samkeppni, fjölræði og fjölbreytni í fjölmöldum.

Í úrskurðinum segir að tekjur Konunglega kvíkmyndafélagsins hafi gefið til kynna að hlutdeild félagsins á fjölmöldamarkaði væri vart merkjanleg.

- ih

ÖRFRÉTT

Malbikað við Miklubraut

Unnið verður að malbikun og fræsun á Miklubraut til austurs frá klukkan sex til tvö í dag. Framkvæmdirnar verða frá Grensásvegi fram yfir fráein að Skeiðarvogi og því mun rampurinn að Skeiðarvogi lokast á meðan.

- ih

ÁRÉTTING

Röng mynd var birt með frétt um athugun Neytendastofu á verðmerkingum á Akureyri í blaði gjerdagins. Myndin sem birtist var af verslun Byko á Akureyri en Byko var eitt þeirra fyrirtækja þar sem verðmerkingar í öllum verslunum voru í lagi. Beðist er velvirðingar á mistökunum.

VERTU MED Í ÁSKRIFT!

FJÓRAR SÝNINGAR Á AÐEINS **14.500 KR.**

MÍDASALA | 568 8000 | BORGARLEIKHUS.IS

Tveir af stjórnendum hjá framleiðanda EVE Online tölvuleiksins hætta hjá fyrirtækinu á næstunni:

CCP tapaði hátt í þremur milljörðum króna

VIÐSKIPTI Tap tölvuleikjaframleiðandans CCP eftir skatta nam 22,8 milljónum Bandaríkjadalara á fyrri helmingi ársins, eða 2.690 milljónum króna. Hagnaður í fyrra nam 318 þúsund dölum eða 37 milljónum króna.

Tekjur fyrstu sex mánuði ársins námu 36,5 milljónum Bandaríkjadalara, en var 36,7 milljónir dala á sama tímabili árið 2013. Félagið skilaði 4,5 milljónum dala í EBITDA-hagnaði á fyrstu sex mánuðum ársins, sem er lækkun

úr 8,3 milljónum miðað við sama tímabil 2013.

„Niðurfærslan á próunarkostnæði, sem nemur alls 24 milljónum Bandaríkjadalara án skattáhrifa, er langstærsti pátturinn í því að félagið skilar tapi á tímabilinu upp á 22,8 milljón Bandaríkjadalara,“ segir í afkomutilkynningu CCP.

„Stöðugar tekjur og framlegð félagsins á milli ára sýna að kjarnastarfsemi okkar, útgáfa og þróun á tölvuleiknum EVE

Online, er áfram sterk. Í apríl tókum við þá erfiðu ákvörðun að hætta próun á tölvuleiknum World of Darkness og einbeita okkur að því markmiði að þróa leiki fyrir einn og sama leikjaheiminn; EVE leikjaþeroldina,“ segir Hilmar Veigar Pétursson, framkvæmdastjóri CCP, í tilkynningunni.

Tveir af stjórnendum fyrirtækisins, Joe Gallo og David Reid, munu láta af störfum hjá fyrirtækinu á næstunni.

- jhh



ERFIÐT Forstjórin segir það hafa verið erfiða ákvörðun að hætta framleiðslu World of Darkness.

FRÉTTABLAÐID/ ERNIR

Landbúnaðarráðherra úthlutar menningarstyrkjum

Unnið að uppstokkun á styrkjakerfi landsbyggðarinnar. Stofna á einn sjóð sem gæti haft um 600 milljónir króna til úthlutunar. Sveitarfélög fagna breytingunni og telja að með þessu móti verði meira til skiptanna.

ALPINI Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra tekur við forræði yfir styrkjum til menningartengdrar ferðapjónustu. Þetta kemur fram í svari Ragnheiðar Elínar Árnadóttur, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, við fyrirspurn frá Svandísí Svavarðóttur þingmanni.

Menntamálaráðuneytið hefur undanfarin ár úthlutað peningum til menningarsamninga landshluta. Á síðasta ári var úthlutað um 200 milljónum króna í þessi verkefni. Styrkir menntamálaráðuneytisins taka ekki til menningartengdrar ferðapjónustu en ráðuneyti Ragnheiðar Elínar hefur styrkt menningarsamninga landshluta og hafa þeir fjármunir runnið til menningartengdrar ferðapjónustu. Styrkurninn var 45 milljónir króna í fyrra.

EKKI hefur verið úthlutað í ár en gert er ráð fyrir að farið verði fram á fé á fjáraukalögum í þennan málaflokk.

Hins vegar standa fyrir dyrum viðamiklar breytingar á styrkjakerfi landsbyggðarinnar. Unnið er að því að búa til einn pott eða sjóð. Í hann á að renna það fjármagn sem hefur farið til að styrkja menningu á landsbyggðinni, menningartengda ferðapjónustu, og peningar sem hafa til bessa runnið í atvinnuþróun og nýsköpun á landsbyggðinni.

Ef sjóðurinn kemst á laggirnar gæti hann haft um 600 milljónir króna til ráðstöfunar.

Í áðurnefndu svari iðnaðar- og viðskiptaráðherra segir að í vetur hafi verið tekin síð ákvörðun að fela Sigurði Inga Jóhannssyni, sjávar-




SIGURÐUR INGI JÓHANNSON

útvegs- og landbúnaðarráðherra, forræði vaxtasamninga og söknaráætlana. Þegar sú ákvörðun lá fyrir þótti eðlilegt að forræði sem iðnaðarráðherra hafði áður haft með menntamálaráðherra hvað varðar aðkomu að gerð menningarsamninga færðist til Sigurðar Inga.

Karl Björnsson, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga, segir að sambandið fagni fyrir huguðum breytingum. Hann segir að samkvæmt þeim tillögum sem nú liggja fyrir sé gert ráð fyrir

Veðurspá



ÁFRAM HÍLYTT Í VEÐRI Í dag verður hæglætisveður og úkomulítið að mestu en á morgun má búast við rigningu eða skúrum SV- og V-til. Aðfaranótt sunnudags koma leifar af hitabeltslægð upp að landinu með tilheyrandi úrkomu og vindi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS - AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jón@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hjörðis Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steinbergsson hlynur@365.is, Láilá Áwad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson om.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFID/SÉRBLOÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jónivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolbeins@365.is, **FÓLK OG SÉRBLOÐ EFNÍ:** Sóleivig Gísladóttir soleiva@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RÁDAUGLÝSINGAR / FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hannar Helgason hagnar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **PJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrun@365.is

Gildistimi korta er um hádegi

Alicante	30°	Friedrichshafen	22°	New York	24°
Ajena	30°	Gautaborg	20°	Orlando	33°
Basel	27°	Kaupmannahöfn	20°	Ósló	20°
Berlin	21°	Las Palmas	27°	París	23°
Billund	16°	London	20°	San Francisco	21°
Frankfurt	23°	Mallorca	31°	Stokholmur	17°

Á MORGUN



Hæg breytileg átt og rigning eða skúr SV- og V-til. SUNNUDAGR 15-25 m/s en aðeins hægari vindur norðantil. **SUNNUDAGR** 15-25 m/s en aðeins hægari vindur norðantil.

Soffia Sveinsdóttir
veðurfréttamaður

Öruggasti sportjeppinn

- búinn skynvæddu fjórhjóladrifi og
Ford SYNC samskiptakerfi



> FORD KUGA TITANIUM AWD

Yfirburðir Ford Kuga liggja í óviðjafnanlegum aksturs-eiginleikum, fyrsta flokks öryggi og hámarks þægindum.

Ford Kuga er öruggasti jeppinn í sínum flokki.* Skynvætt fjórhjóladrif og Ford SYNC raddstýrt samskiptakerfi með Bluetooth búnaði fyrir GSM síma og neyðarhringingu er staðalbúnaður.

Komdu og prófaðu öruggasta sportjeppann.

FORD KUGA AWD

BEINSKIPTUR MEÐ DÍSILVÉL
FRÁ 5.790.000 KR.

SJÁLFSKIPTUR MEÐ DÍSILVÉL
FRÁ 6.290.000 KR.

SJÁLFSKIPTUR MEÐ BENSIJVÉL
FRÁ 6.190.000 KR.



ford.is



Brimborg Reykjavík Brimborg Akureyri
Bíldshöfða 6 Tryggvabraut 5
Sími 515 7000 Sími 515 7050

Nýir og notadír bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.

Viltu vita meira um staðalbúnað Ford Kuga?

Meðal staðalbúnaðar Ford Kuga er: skynvætt fjórhjóladrif, Ford SYNC raddstýrt samskiptakerfi með Bluetooth búnaði fyrir GSM síma og neyðarhringingu, Titanium leðuráklæði á slitflötum sæta, 17" Titanium álfelgur, upphitanleg framrúða, starthnappur, regnskynjari í framrúðu og langbogar með álúltiti. Síðan er að sjálfsögðu hægt að sérpanta. Ford Kuga hefur sérstöðu í úrvali og verði aukabúnaðar. Afgreiðslutími sérpantana er einnig styttri en almennt gerist. Pantaðu bílinn eins og þú vilt hafa hann! Það er margt í boði. Við mælum með að þú byrir á að kíkjá við í reynsluakstur - við tökum vel á móti þér!

Ford Kuga AWD 2,0 TDCI dísil 140 hög. 6 gíra beinsk./6 þrepa sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 5,7/6,1 l/100 km. CO₂ losun 149/159 g/km.

Ford Kuga AWD 1,6i EcoBoost bensín 182 hög. 6 þrepa sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 7,7 l/100 km. CO₂ losun 179 g/km.

Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu. *Samkvæmt öryggisprófunum Euro NCAP.

VEISTU SVARIÐ?



1. Hvenær fannst slöngumaður hér á landi?
2. Hver hefur skorað fjögur mörk beint úr aukaspurnu í sumar?
3. Hversu mikill hluti makrils í Norð-austur-Atlantshafi mældist innan íslenskrar efnahagslögsögu?

SVÖR:
18 prosent.

1. J. sumar. 2. Guðjón Þórir Ljósasson. 3. Tæk

Vinnumálastofnun brást við frétt um manneklu á frístundaheimilum:

Umsóknir fóru að streyma inn

VELFERÐARMÁL Í framhaldi af frétt Fréttablaðsins í fyrradag um 250 börn á biðlista eftir plássi á frístundaheimilum í Hafnarfirði og vöntunar á starfsfólk fóru umsóknirnar að streyma inn.

Geir Bjarnason, æskulýðs- og forvarnafulltrúi Hafnarfjarðarbæjar, segir hátt í tuttugu umsóknir hafa borist. „Helmingur umsóknanna er frá Vinnumálastofnun. Eftir að fréttin birtist streymdu inn umsóknir þaðan,“ segir Geir.

Blaðinu barst ábending frá Vinnu-

málastofnun um að aldrei hafi verið haft samband við stofnunina vegna vöntunar á starfsfólk. Geir segir það einfaldlega vera rangt. „Það lá inni beðni hjá þeim og henni var svarað eftir að fréttin birtist. Nú eru við komin með umsóknir og það er gott.“

Í gær voru enn 180 börn á biðlista þannig að sjötíu börn hafa komist inn á tveimur dögum. Biðlistarnir eru lengstir hjá stærstu skólunum en Geir býst við að málið leysis á næstu viku eða svo.

- ebg



FRÍSTUNDAHEIMIL Sjötíu hafnfirsk börn hafa fengið pláss á síðustu tveimur dögum.

FRÉTTABLAÐID/STEÐAN

Almenningur fær aðgang:

Bjóða ókeypis veforðabók

SAMFÉLAGSMÁL Aðgangur að léttari útgáfu af ordabok.is er nú ókeypis. Því mun almenningur nú geta nýtt sér síðuna. Skólm landsins mun einnig bjóðast að kaupa fullan aðgang að síðunni á lægra verði en áður.

Þó verður enn hægt að kaupa áskrift af síðunni og fá þá fullan aðgang að síðunni. Forsvartmann ordabok.is segja auðvelt að nálgast vefinn á hefðbundnum tölvum, spjaldtölvum og farsínum.

- ih

Verðtryggingin heldur en niðurstöðu innlendra dómstóla er beðið

EFTA-dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að ákveðin tilskipun ESB leggi almennt ekki bann við skilmálum um verðtryggingu í neytendalánum. Innlendir dómstólar þurfa að taka afstöðu til málsins. Annað mál er varðar verðtryggingu bíður nú afgreiðslu dómsins.

DÓMSMÁL Verðtryggingin er ekki almennt bönnuð samkvæmt ráðgefandi álti EFTA-dómstólsins í Luxemborg sem birt var í gær.

Par kemur fram í svörum við spurningum Héraðsdóms Reykjavíkur að tilskipun Evrópusambandsins (ESB) um óréttmæta skilmála í neytendasamningum leggi ekki almennt bann við skilmálum um verðtryggingu veðlana í samningum milli veitanda og neytanda. Það sé hins vegar innlendra dómstóla að meta hvort umræddur skilmáli sé óréttmætur. Það mat verði hins vegar að taka mið af skýringu dómstólsins, sem fram kemur í álitinu, á hugtakini „óréttmætur skilmáli“.

Málið var höfðað af Gunnari V. Engilbertssyni gegn Íslandsbanka vegna skuldabréfs sem Íslandsbanki, þá Glitnir, gaf út vegna fasteignakaupu í maí 2007 sem Gunnar telur ólögmætt. Hann hélt því fram fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur að verðtryggingarákvæði samningsins

sé óréttmætur skilmáli og andstæður tilskipuninni og því eigi að víkja honum til hliðar.

Jóhannes Karl Sveinsson hæstaréttarlögmaður var meðal þeirra sem ráku málið fyrir hönd Íslandsbanka. Hann segir niðurstöðuna ekki koma sérstaklega á óvart.

„Dómurinn tekur ekki neina afstöðu til þess hvort verðtrygging sé ólögmætt og segir að það sé í rauninni málefni innanlandsdómstóla.

JÓHANNES KARL SVEINSSON

stóla, það er að segja héraðsdóms og Hæstaréttar, að meta það hvort að verðtryggingin geti verið ósamningjarn samningsskilmáli, ekki nægilega útfærður eða útskýrður í samningum, og lætur í ljós leiðbeiningar um það hvernig það er metið.“

Jóhannes segir niðurstöðuna frekar hefðbundna og fyrirsjáalega að þessu leyti og málinu sé því ekki lokið.

„Það er þá í verkahring dómstóllanna hérna þegar búið er að reka málið þar að meta hvort eigi að víkja frá þessu skuldabréfi sem málið snýst um. Áðalfréttin í þessu er að neytendatilskipunin bannar ekki verðtryggingu,“ segir Jóhannes að lokum.

Enn er beðið eftir ráðgefandi álti EFTA-dómstólsins í hinu verðtryggingarmálinu sem héraðsdómur vísadi til Luxemborgar. Í því eru súmu spurningar lagðar fyrir dóminn ásamt einni til viðbótar. Í henni er spurt um réttmæti þess að miða við nýl prósenta verðbólgu í lána-samningum þegar kostnaður lána er reiknaður. Áður en ný lög um neytendalánóku gildi árið 2013 gátu bankarnir og fleiri lánveitendur sleppt því að reikna áhrif verðbólgu á heildarkostnaðinn.

„Pessi lán voru mjög algeng hjá

fjármálastofnum fyrir hrn. Neytendum var sagt munulega að það væri erfitt að meta verðbólguna og fengu síðan greiðsluáætlun sem sýndi enga verðbólgu,“

segir Björn Brynjúlfur Björnsson, hagfraðingur Viðskiptaráðs Íslands.

„Í því máli þarf fyrst að meta hvort það standist Evróputilskipunina og hins vegar hvort það standist íslensk lög. Jafnvel þótt EFTA-dómstóllinn dæmi þannig að þessi lán hafi ekki sem slík brotið í bága við tilskipunina getur hugsanlega farið svo að Hæstaréttur dæmi þau ólögmætt. Slík niðurstöða myndi þýða að stóri hluti neytendalána til ísbúðakaupu frá þessum tíma er þá ekki í samræmi við lög,“ segir Björn. Hann bendir á að samkvæmt nýju neytendalögnum fái lántakendur greiðsluáætlun sem miðar við ársverðbólgu síðustu 12 mánuði. EFTA-dómstóllinn mun gefa álit sitt í málinu í haust.

fanney@frettabladid.is / haraldur@frettabladid.is



UMDEILD VERÐTRYGGING Niðurstöðu dómsins var beðið með eftirvæntingu.

„Pað er mikilvægt að þessi niðurstaða liggi fyrir. Málið verður tekið aftur fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur sem metur staðreyndir málsins í samræmi við íslensk lög og hefur hliðsjón af álti EFTA-dómstólsins. Við bíðum þeirrar niðurstöðu.

Birna Einarsdóttir, bankastjóri Íslandsbanka.

MIKILVÆGT AÐ ÓVISSUNNI HAFI VERIÐ FYTT

Már Guðmundsson seðlabankastjóri segir mikilvægt að óvissunni, sem hafi verið uppi vagna ákvörðunar EFTA-dómstólsins, hafi verið eytt.

„Henni hefur verið eytt með hætti sem líka dregur úr óvissu varðandi verðtrygginguna almennt

og þá áhættu sem kann að stafa af dómsmálum fyrir fjármálastöðugleika. Það er því betri vissa fyrir því að það er ekki að koma mikið áfall úr þessari átt.“

Már segir starfsfólk Seðlabankans hafa verið undirbúið fyrir það ef álit EFTA-dómstólsins hefði farið á hinn veginn.

„Það var búið að greina þetta lagalega og efna-

hagslega og áhrifin á fjármálarfið út frá ýmsum svíðsmyndum. Auðvitað töldu okkar lögfræðingar og ráðgjafar að það væri ólíklegt að niðurstaðan yrði með einhverjum þeim hætti sem myndi grafa undan verðtryggingunni í stórum stíl. En við vorum búin að undirbúa okkur undir hitt líka,“ segir Már.

Hann telur líklegt að verðtrygging neytendalána haldi þegar málið fer fyrir íslenska dómstóla.

Sensodyne fyrir viðkvæmar tennur



Prófaðu Sensodyne vörurnar og finnud muninn.

SENSODYNE

Tvöföld ástæða til að brosa!

12 kr.

af bensíni og dísel
í dag föstudag

með lykli, Staðgreiðslu- og Tvennukorti Olís

og

50%
afsláttur af Grill 66

Bú finnur Grill 66 á völdum Olís-stöðvum.



Til að safna Vildarpunktum Icelandair þarf að greiða með eða hafa lykil tengdan Visa Icelandair, American Express vildarkorti eða Einstaklingskorti Olís. Einstaklingar sem ekki eru handhafar Vildarkorts Visa, American Express eða með Olís-kort geta safnað Vildarpunktum Icelandair með Sagakorti. Nánari upplýsingar um vildarkerfi OB eru á ob.is/vildarkerfi.



Haraldur til Hafnarfjarðar:

Nýr bæjarstóri tekinn til starfa

HAFNARFJÖRDUR Haraldur L. Haraldsson hóf í gær störf sem bæjarstjóri í Hafnarfirði. Haraldur hefur talsverða reynslu af sveitarstjórnámum en hann var bæjarstjóri á Ísafirði í áratug og sveitarstjóri í Dalabyggð í fimm ár.

Rósa Guðbjartsdóttir, formaður bæjarráðs, segir ánægjulegt að fá Harald til starfa og er þess fullviss að „reynsla og bekking Haraldar eigi eftir að nýtast okkur í Hafnarfirði vel.“ - ih



FÖLGUN Japónskum ferðamönnum sem ferðast í gegnum Keflavíkurflugvöll fer fjölgandi.

FRÉTTABLAÐID/PJETUR

Japónum fjölgar hér á landi:

Beint flug frá Japan í haust

SAMGÖNGUR Japan Airlines hyggst fljúga sex ferðir frá borgunum Osaka og Tókýó til Keflavíkurflugvallar í ágúst og september. Fyrsta flugvélun lenti á Keflavíkurflugvelli í gær með 220 farþega. Þetta er þriðja árið í röð sem flugfélagið flýgur beint til Íslands.

Japónskum ferðamönnum hefur fjölgæð mikil undanfarin ár. Samkvæmt tölum frá Ferðamálastofu fóru 12.363 Japanir um Keflavíkurflugvöll árið 2013 sem eru nálægt tvöföldun frá árinu 2011.

- ih



KÓPASKER Vínþúð styrki verslunina.

FRÉTTABLAÐID/PJETUR

Segja ÁTVR hafa áhuga: Vilja Vínþúð til Kópaskers

VERS'LUN Framfarafélag Öxarfjarðar segir stjórnendur ÁTVR hafa áhuga á að leigja aðstöðu í hluta verslunarhúsnaðisins á Kópaskeri og opna þar vínþúð.

„Muni það styrkjá rekstrargrundvöll verslunarinnar, bæta þjónustu við íbúa, farandverka- fólk og síxavandi fjölda ferðamanna á svæðinu,“ segir í erindi Framfarafélagsins til Norðurbings þar sem óskad er eftir því að sveitarstjórn biðji forstjóra ÁTVR um að opna vínþúð á Kópaskeri.

Bæjarráð Norðurbings bendir hins vegar á að ÁTVR verði að senda sveitarfélagini formlegt erindi um opnun áfengisútsölnnar.

- gar

ÖRFRÉTT

Bílvelta í Norðurárdal

Bifreið valt á malarvegi ofarlega í Norðurárdal seinnípartinn í gær en sjö erlendur ferðamenn voru í bílum. Allir farþegarnir slösudust og voru þeirra fluttir með þyrlu á Landspítalann í Fossvogi.

- sáp

Uppreisnarmenn í Sýrlandi hafa náð stjórn á landamærastöð Gólanhæðum eftir margra daga átök:

Friðargæsluliðar í haldi uppreisnarmanna

SÝRLAND Vopnaðar sveitir sýrlenskra uppreisnarmenna hafa tekið 43 friðargæsluliða Sam einuðu þjóðanna til fanga á Gólanhæðum, milli Ísraels og Sýrlands.

Ránið átti sér stað nærrí bænum Al Qunaytirah þar sem Sýrlensher hefur átt í átökum við sýrlenska uppreisnarmenn. Talsmaður SP segir að unnið sé að því að friðargæsluliðana lausa. Uppreisnarmenn hafa jafnframt bannað 81 friðargæsluliða að yfirgefa stöðv-

ar sínar nærrí bæjunum al-Ruwahina og Burayqa.

I frétt BBC segir að uppreisnarmenn hafi í gær náð tökum á landamærastöð á Gólanhæðum, sem er undir yfirráðum Ísraelsmanna, eftir margra daga átök.

Friðargæslumennir tilheyra friðargæsluveitum SP í Sýrlandi (UNDOF) sem eru á Gólanhæðum og var komið á eftir friðarsamkomulag Ísraela og Sýrlendinga árið 1974. Alls eru 1.223 manns í sveitunum og

beir koma frá Fíðjeyjum, Indlandi, Írlandi, Nepal, Hollandi og Filippsjeyjum.

Gólanhæðir eru hernaðarlega mikilvægt landsvæði milli Ísraels og Sýrlands þar sem finna má mikilvægar vatnslindir.

Ísrael lagði svæðið undir sig í sex daga stríðinu gegn nálægum arabaríkjum og innlimuðu í reynd landsvæðið árið 1981. Ónnur ríki hafa þó aldrei viðurkennt svæðið sem Ísrael sk.

- af



SÝRLAND Írskir friðargæsluliðar á Gólanhæðum við landamæri Sýrlands og Ísrael.

FRÉTTABLAÐID/AFP

Sigkatlar gætu verið frá afboðaða gosinu á laugardag

Líklegast er að bráð frá sigkötluum í Vatnajökli hafi runnið til Grímsvatna. Jarðvísindamenn útiloka ekki að ummerki séu komin fram frá því sem Veðurstofan taldi á laugardag vera eldgos. Kvika skríður áfram til Öskju.

NÁTTÚRA Jarðvísindamenn eru sammála um að ekki sé hægt að útiloka að sigkatlarnir þrír í Vatnajökli séu tilkomnir vegna þess að kvika hafi komist í snertingu við í stuttan tíma á laugardaginn, þegar Veðurstofa Íslands tilkynnti að lítið eldgos væri hafið.

Magnús Tumi Guðmundsson, prófessor í jarðeðlisfræði, útilokar ekki, frekar en aðrir jarðvísindamenn sem Fréttablaðið ráðfærði sig við, að ummerkin sem nú eru komin fram séu frá því á laugardaginn, þegar tilkynnt var um að eldgos væri hafið. Hann segir jafnframt að það gæti orðið erfitt að staðfesta það í eitt skipti fyrir öll.

Magnús Tumi segir jöklabréðina frá sigkötluum hafa verið litla, en hún færí samt ekki fram hjá neinum ef hún rynni í Jökulsá á Fjöllum. Búið er að kanna vatnsstöðu Grímsvatna sem talin er hafa hækkað um fimm til tíu metra á síðustu dögum, sem samsvasar því að 10 til 30 milljón rúmmetrar af vatni hafi bæst í vötnin. Hins vegar eru Grímsvötn því líkt ólíkindatól að ekki er hægt að fullyrða að hér sé um vatnið frá sigkötluum að ræða.

„En það verður að teljast líklegast að þessi sopi hafi runnið þangað,“ betir Magnús Tumi við og nefnir í því samhengi Gjálpargosið og það gríðarlega vatnsmagn sem Grímsvötn söfnuðu í kjölfarið. Þetta sé með öllu ósamانburðarhæft, eldstöðin hafi breyst mikil síðan, og nú sé hún hriplek, öfugt við það sem þá var.

Berggangurinn, eða kvíkugangurinn, vinnur sig hægt en örugglega í átt til Öskju. Skjálftavirkni þar hefur aukist lítillega. Gangurinn er kominn inn í sprungusvæði Öskju og mælingar sýna að verulegra áhrifa gætir þar. Litakóði fyrir flug yfir Öskju var færður upp í gær, í gult, sem þýðir að vöktun er aukin.

Magnús Tumi telur ólíklegra en hitt að gangurinn nái inn undir Öskju og gati kvíkuhólfir bar undir. „Það eru litlar líkur á því að gangur fari alla leið inn í svona þroskaða og öfluga megineldstöð,“ segir Magnús Tumi en setur þann fyrirvara að dæmi þess séu þekkt í jarðsögu Íslands.

svavar@frettabladid.is



DYNGJUJÖKULL Kvíkugangurinn undir jöklinum nær nú um 12 kílómetra norður úr jökluspórðinum.

FRÉTTABLAÐID/FRIDRIK

En það verður að teljast líklegast að þessi sopi hafi runnið þangað,


Magnús Tumi Guðmundsson
prófessor í jarðeðlisfræði

UMMERKIN Á JÖKLINUM 5 KÍLÓMETRA LÖNG

Ummerki í Vatnajökli sem greindust í eftirlitsflugi á miðvikudagskvöld voru rannsökud frekar í gærmorgan. Engar frekari breytingar sáust frá því að sprungur og sigðældir sáust í suðaustanverðri Bárðarbunga. Ljóst er að bráðnun hefur orðið við botn.

- Ummerki í Vatnajökli sem greindust í eftirlitsflugi á miðvikudagskvöld voru rannsökud frekar í gærmorgan. Engar frekari breytingar sáust frá því að sprungur og sigðældir sáust í suðaustanverðri Bárðarbunga. Ljóst er að bráðnun hefur orðið við botn.
- Sprungumyndirnar í jöklinum eru þrjár og hrингlagar, samanlagt um 5 kílómetrar að lengd. Um er að ræða svæði þar sem jökkullinn er um 400-600 metrar að þykkt.
- Skjálftavirkni er svipuð og undanfarna daga.
- Berggangurinn undir Dyngjujökli hefur lengst um 1-1,5 kílómetra til norðurs á milli daga (hádegi í gær).

BERGANGURINN NÁLGAST ENN ÖSKJU



Jökulbráðin hefur líklega runnið til Grímsvatna → Grímsvötn

ÚRVALIÐ AF LAMBAKJÖTI ER Í NETTÓ



nettó
Kræsingar & kostakjör

GODI
-alltaf góður

Börn á frístundaheimilum geta verið tólf til átján talsins á hvern starfsmann og ekki er almennt gerð sérstök krafa um menntun:

Engin lög til um starfsemi frístundaheimila á landinu

SAMFÉLAG Engin lög eru til um starfsemi frístundaheimila hér á landi en um nútíu prósent sveitarfélaga bjóða slíka þjónustu. Ekkert yfirlit er heldur til um skráningu á slík heimili og rannsóknir á áhrifum starfsins vantar sárlega, segir lektor og skýrsluhöfundur um heimilin.

I grunnskólaþögum er heimild til að bjóða upp á lengda viðveru barna 6 til 9 ára á frístundaheimilum og raunar er gert ráð fyrir að í hverjum skóla sé skipulagt félags- og tómstundastarf.

Almennar reglur um starfsemina skortir hins vegar og ólkí viðmið eru á milli

sveitarfélaga um barnafjölda, menntun starfsmanna og þjónustustig. Þá eru ekki fastar reglur um hve margir starfsmenn eru á heimilunum miðað við fjöldu barna en börnin geta verið frá 12 til 18 talsins á hvern starfsmann. Þá er almennt ekki gerð sérstök krafa um menntun starfsmanna.

Í skýrslu sem gerð var á þessu ári fyrir menntamálaráðuneyti kom í ljós að 60 prósent barna á aldrinum 6-9 ára á landinu eru skráð á einhvers konar frístundaheimili. Kolbrún Þ. Pálsdóttir, lektor við Háskóla Íslands í tómstunda- og félagsmálafræði, er skýrsluhöfundurinn. Hún

segir að foreldrar yngri barna nýti þjónustuna meira og flest séu þau til 16 eða 17 á daginn. Vandinn sé þó að hvergi sé að finna opinberar tölur um skráningu barna á frístundaheimilin eða hvað þar almennt fer fram.

Börnum sem dvelja marga klukkutíma í viku á frístundaheimili hefur fjölgæð undanfarin ár. Þá stendur stórum hluta barna til boða heilsdagsvöld á starfsdögum skóla. Fimmtungi stendur til boða heilsdagsvöld í vetrarfriðum og helmingnum að dvelja þar allan daginn á sumrin.

- Ib



HVERGI OPINBERAR TÖLUR Börnum sem dvelja á frístundaheimili hefur fjölgæð. FRÉTTABLAÐID/STEFÁN



MS Í SÓKN Einar Sigurðsson forstjóri MS segist sjá mikla vaxtamöguleika í Bandaríkjunum. MYND/BERNHARD

Sjá tækifæri í Bandaríkjunum:
**Hyggjast búa til
skýr vestanhafs**

LANDBÚNAÐUR Mjólkursamsalan hyggst hefja framleiðslu á skyri í Bandaríkjunum í samstarfi við bandarísku fjárfesta. Mjólkursamsalan flytur nú út um 120 tonn af skyri til Bandaríkjanna ári.

Einar Sigurðsson, forstjóri MS, segist sjá mikla vaxtamöguleika í Bandaríkjunum. „Miðað við þá eftirsprung sem við sjáum fyrir okkur verður ekki hægt að fullnægja því með framleiðslu hér á landi.“

Í vikunni hóf MS einnig útflutning á íslensku skyri til Sviss. - ih



Rússar berjast í Úkraínu

Porosjenkó Úkraínuforseti sakar Rússu um innrás en biður landsmenn að halda ró sinni. NATO segir meira en þúsund manna lið frá rússneska hernum tekið til við að aðstoða uppreisnarmenn í austurhluta landsins.

ÚKRAÍNA Bæði Úkraínustjórn og NATO segja líttinn sem engan vafa leika lengur á því að rússneski herninn sé farinn að taka beinan þátt í átokunum í austurhluta landsins. NATO hefur birt gervihnattamyndir sem sýna fram á þetta.

„Við metum það svo að vel yfir þúsund rússneskir hermann séu náð að athafna sig innan landamáera Úkraínu, að veita uppreisnarmönnum aðstoð og berjast við hlið beirra,“ sagði NATO-herforinginn Nico Tak við blaðamenn í gær.

Carl Bildt, utanríkisráðherra Svíþjóðar, segir allt benda til þess að milliríkjastríð sé hafið. Þetta hafði breska útvárið BBC eftir honum í gær.

„Sé það rétt að rússneskir hermann séu á úkraínuska landsvæði, þá væri það óþoland og óásaettanlegt,“ sagði François Hollande Frakklandsforsætisráðherra í stefnunum um utanríkismál í Paris í gær.

Petró Porosjenkó Úkraínuforseti hætti í gær við Tyrklandsferð og kallaði saman ráðgjafa sína til að ræða viðbrögð við tíðindum dagsins. Hann hvatti almenning þó til að halda ró sinni: „Östöðugt ástand og ofsahraðsla er ekki síður en skriðrekur vopn í höndum óvinarins,“ sagði hann.

Alexander Sakhartsjenkó, leiðtogi

uppreisnarmanna, fullyrti í gær í viðtali við rússneska ríkissjónvarpið að þrjú til fjögur þúsund Rússar hafi verið að berjast með uppreisnarliðinu allt frá því átök hófust í apríl.

Rússar hafa þó allt til þessa halddi fast við þá skýringu að rússneskir ríkisborgarar, sem tekjur hafa þátt í bardögum með úkraíniskum uppreisnarmönnum, séu allt saman sjálfbóðalíðar og alls ekki á vegum rússneska hersins.

Uppreisnarmenn höfðu í gær náð að sitt vald borginni Novoasovsk. Borgin er við strönd Asovahaf, skammt frá landamárum Rússlands, og stefndu uppreisnarmenn í framhald af sigrum sínum þar í áttina að borginni Mariupol.

Úkraínuher hefur undanfarið styrkt varnir sínar við Mariupol og má búast við hörðum bardögum bar að næstum. Talsmaður Úkraínuhers sagði við AP-fréttastofuna að þjóðvegurinn frá Novoasovsk til Mariupol væri á valdi úkraínskra hermannna.

Fréttaskýrindur telja sumir hverjir líklegt að uppreisnarmenn muni reyna að ná á sitt vald allri strandlengjunni norðan við Asovahaf, allt frá rússnesku landamárum til Krímskaga, sem Rússar lögðu undir sig í mars.

SKEIFUBRUNI Kostnaður TM vegna brunans í Skeifunni verður 240 milljónir. FRÉTTABLAÐID/ANDRI MARÍNÓ

Hagnaður TM dregst saman:
**Skeifubruninn
kostar TM stórfé**

TRYGGINGAMÁL Bruninn í Skeifunni mun kosta TM 240 milljónir króna. Tjónið er það mesta sem fyrirtækið hefur þurft að bæta frá árinu 2002.

Hagnaður TM á fyrri hluta ársins, eftir skatta, var riflega einn milljarður og dregst því saman um tæplega tvö hundredu milljónir miðað við sama tímabili á síðasta ári. Kostnaður vegna Skeifubrunans nær þó ekki til þessa uppgjörs þar sem hann varð í júlí. - ih

Rússneskur þingmaður:
**Finnland ekki
lengur hlutlaust**

FINNLAND Formaður utanríkismáladeilda neðri deilda rússneska þingsins, Aleksej Puskov, segir Finnland ekki lengur verða hlutlaust ríki undirriti stjórnvöld samkomulag við Atlantshafsbandalagið, NATO, um að her-sveitir bandalagsins geti komið til landsins til æfinga eða vegna hættuástands.

Samkvæmt frett á veg Hufvudstadsbladet hefur varnarmálaráðherra Finnlands, Carl Haglund, tilkynnt að samkomulagið verði undirritað á leiðtogaði NATO í Wales í næstu viku. - ibs

VIÐSKIPTI Íslendingar áttu verðbréf að verðmæti 1.229 milljarða króna í útlöndum í lok árs 2013 og verðbréfæign jökkst um 148 milljarða frá árinu á undan, eða um fjórtán prósent, samkvæmt könnun Seðlabankans áttu

íslenskir lífeyrissjóðir mest af erlendi verðbréfæigninni. Eignir beirra námu 595 milljörðum króna í lok árs 2013 og höfðu vaxið um 46,2 milljarða á árinu.

Innlánsstofnanir í slitameðferð áttu næstmeist af erlendi verðbréfæigninni, eða 395 milljarða, og höfðu aukið hlut sinn um 38,1 milljarðar á milli ára.

Seðlabankinn kannaði einnig verðbréfæign útlendinga hér á

landi og nam hún um 700 milljörðum í árslok 2013. Eign beirra var að mestu leyti í langtímaskulda-skjölum, eða um 631 milljarður.

Peir erlendu aðilar sem mest áttu af verðbréfæignum á Íslandi voru skrádir í Bandaríkjunum. Peir áttu um 35 prósent af innlendum verðbréfum í eigu erlendra aðila, en þar á eftir komu aðilar skrádir í Lúxemborg með um 34 prósent. - hmp



AUKNING Verðbréfæign Íslendinga jökkst um fjórtán prósent á síðasta ári. FRÉTTABLAÐID/GV

ATÖK VIÐ NOVOASOVSK Almenningur fylgist með úr fjarska.

FRÉTTABLAÐID/AP

„Sé það rétt að rússneskir hermann séu á úkraínuska landsvæði, þá væri það óþoland og óásaettanlegt. Francois Hollande Frakklandsforsæti

Átök við strendur Asovahafs

Rússneskir uppreisnarmenn eru í sókn til vesturs og reyna að ná á sitt vald strand-lengjunni allt frá rússnesku landamárum til Krímskaga.

25. ágúst, Dzerkalne: Tíu rússneskir fallhlífarhermenn handteknir

27. ágúst, Amvrosijivka: Rússneskir hermann hélðu inn í bæinn á brynvörðum vögnum

28. ágúst, Novoasovsk: Uppreisnarmenn ná borginni á sitt vald og stefna til hafnarborgarinnar Mariupol

Heimildir: Pjóðaröryggis- og varnarráð Úkraínu, fréttastofur



© GRAPHIC NEWS



VÍÐ SOGÍÐ Óeining er um uppsetningu hliðs.

FRÉTTABLAÐID/HAG

Landeigendur við Sog ósáttir:

Hóta lögbanni á aðkomuhlið

SKIPULAGSMÁL Hart er deilt um uppsetningu hliðs á aðkomuvegi að tveimur sumarhúsasvæðum á Sogsþökkum.

„Ef svo ólíklega vildi til að aðil-
ar innan Fljótsbakksvæðisins
myndu taka upp á því að setja upp
hliðið við aðkomuveginn og brjóta
bannig gegn sumarhúseigendum á
Sogsbakka verður tafarlaust gripið
til viðeigandi aðgerða í formi lög-
banni og skaðabótamáls og hugs-
anlega kæru til löggreglu,“ segir í
bréfi Félags landeiganda í Sogs-
bakka til Grímsness- og Grafn-
ingshrepps. Sveitarstjórnin segir
hlið ekki verða leyft nema allir séu
sammála um uppsetninguna.

- gar



HÆTTULEG PEST Svínapestin berst
aðeins í svín og fólk.

FRÉTTABLAÐID/GETTY

Dreifist um Austur-Evrópu:

Afrísk svínapest að breiðast út

HEILBRIGÐISMÁL Matvælastofnun
hefur varað fólk við útbreiðslu
afrískrar svínapestar sem breið-
ist nú út um austurhluta Evrópu.
Um er að ræða alvarlegan sjúkdóm
í svínum, sem í flestum til-
vikum veldur dauða.

Sjúkdómurinn berst hvorki í
önnur dýr né fólk. Veiran getur
meðal annars borist með sýktum
svínum og sæði, hráu kjöti,
sem og farartækjum, búnaði og
fatnaði. Matvælastofnun vill því
áréttu að fólk er hvorki ráðlagt
að taka með sér hrátt né illa með
höndlað kjöt til landsins frá þessum
heimshluta.

- ih



ÆFING Samkomulag Svíu við NATO á
að taka gildi 2016.

FRÉTTABLAÐID/GVA

Auknir möguleikar:

Sveitir NATO til Svíþjóðar

SVÍPJÓÐ Sænsk stjórnvöld ákváðu
í gær að undirrita samninga við
Atlantshafssandalagið, NATO,
sem gerir hersveitum bandalags-
ins mögulegt að koma til Svíþjóð-
ar í boði stjórnvalda.

Varnarmálaráðherra Svíþjóðar,
Karin Enström, segir í viðtali við
sænska fjölmölda að samkomu-
lagið auki möguleikana á að veita
og piggja hernaðarlega aðstoð.

Gert er ráð fyrir að samkomu-
lagið taki gildi árið 2016.

- ibs

Púsundir Barcelonabúa efndu til mótmæla vegna ónæðis af fjölda drukkinna ferðalanga:

Vilja ekki túrista í íbúðahverfi Barcelona

SPÁNN Barcelonabúa eru búir að fá nóg af túristum sem hegða sér eins og borgin sé skemmtistaður. Púsundir tóku þátt í mótmælum á miðvikudagskvöld gegn fullum ferðalöngum sem margir taka á leigu herbergi eða íbúðir í íbúðahverfum sem íbúarnir segja að séu farin að líkjast sumarleyfisðvalarstöðum á Costa Brava. Á vef Dagens Nyheter er vitnað að í Barcelonabúa sem segir ástandið versna með hverju árinu sem líður. Hlandlykt sé á götum úti og öskur og læti að næturlagi.

Túrismi í Barcelona hefur meira en sjöfaldast á undanförnum 20 árum og þangað koma árlega 7,5 milljónir ferðalanga. Flestir sem leigja út íbúðir sínar til ferðamanna hafa ekki

tilskilin leyfi en margar íbúðanna eru leigðar í gegnum vefinn Airbnb. Eftirlit með ólöglegrí útleigu var hert fyrir nokkrum dögum.

Íbúar Barcelona eru 1,5 milljónir en sífellt færri fjölskyldur hafa ráð að búa í borginni því leiguverð hefur snarhækkað. Barcelonabúum finnst að ferðamennirnir geti búið á hótelum þar sem hægt sé að vísa þeim burt hegði þeir sér ekki vel.

Haft er eftir rithöfundinum Marc Caellas að mesti vandinn sé fjöldi ferðamanna í til-tölulega lítilli borg eins og Barcelona. Ekki skipti máli hvort ferðamennirnir eyði miklu fé eða ekki. Aðalatriðið sé að þeim fækki.

- ibs



FERÐAMENN Árlega koma 7,5 milljónir ferðalanga til Barcelona.

NORDICPHOTOS/AFP



Vildarbjónusta

Hvanndalsbræður,
Ljótur hálfviti og fleiri
gestir í Hamraborg

Íslandsbanki og Hof bjóða á tónleika í Hamraborg 30. ágúst kl. 23.30, á Akureyrarvöku. Þekktir Akureyringar koma fram með hljómsveitinni og flytja lögum sem koma öllum í stuð. Meðal gestasöngvara eru skólameistari, safnvörður og einkajálfari. Kynningar verður sr. Oddur Bjarni Þorkelsson úr Ljótum hálfvitunum.



Enginn aðgangseyrir og allir velkomnir
meðan húsrúm leyfir.



Vestmannaeyingar búa sig undir 50 prósentum fjölgun eldri borgara á tólf árum:

Kortleggja aldurssamsetningu

LÝÐFRÆÐI Eyjamenn búa sig nú undir að mæta spá Hagstofunnar um að Íslendingum eldri en 67 ára fylgi um um fimmtíu prósent milli áranna 2013 og 2025.

Samkvæmt Hagstofunni voru 36 þúsund Íslendingar eldri en 67 ára í fyrra og gert er ráð fyrir að þeir verði 54 þúsund á árinu 2025. Fjölskylduráð Vestmannaeyja býst við að prúnin verði sú sama í Eyjum.

„Þessi breyting mun kalla á nýjar og framsæknar hugmyndir í öldrunarþjónustu og slíku mun fylgja

verulegur kostnaður umfram það sem nú er,“ segir fjölskylduráðið, sem hefur skipað fimm manna hóp til að meta stöðuna og skila af sér niðurstöðum áður en árið er á enda.

„Hópurinn skal sérstaklega kortleggja aldurssamsetningu í Eyjum og leggja mat á líklega þróun. Þá skal mat lagt á númerandi þjónustustig og númerandi þörf. Að lokum skal leggja grunn að frekari stefnumótun og prún þjónustu við eldri borgara um leið og mat verður lagt á kostnað við slíkt.“ - gar



VESTMANNAEYJAR Ætla ekki að láta yfirvofandi sprengingu í fjölda eldri borgara koma sér í opna skjöldu.

MYND/ÓSKAR

GRUNNSKÓLI
Borgarsjóður
rekur fagsviðin,
meðal annars
grunnskóla
og þjónustu
við fatlað fólk,
Eignasjóð og
Bílastæðasjóð.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Lítill lóðasala veldur halla í borgarsjóði

Rekstrarniðurstaða borgarsjóðs er 640 milljón krónum lakari en gert var ráð fyrir. Helsta ástæðan er lítil sala á lóðum ásamt þjónustu fyrir ríkið sem ekki hefur verið bætt upp með tekjum. Sjálfstæðismenn kalla eftir uppstokkun í rekstri.

REYKJAVÍK Óendurskoðaður árschlussareikningur Reykjavíkurborgar fyrir tímabilið janúar til júní 2014 var staðfestur í borgarráði í gær. Þar kemur fram að rekstrarriðurstaða samstæðu Reykjavíkurborgar sé jákvæð um 3,7 milljónar króna og 1,5 milljörðum betri en gert var ráð fyrir.

Aftur á móti, ef eingöngu er liði til reksturs borgarsjóðs, sem er starfsemi sem fjármögnum er með skatttekjum og þjónustugjöldum en ekki fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki borgarinnar, er niðurstaðan neikvæð um 2,3 milljarða.

Sjálfstæðismenn í borginni gagnrýna að reksturinn sé 640 milljón krónum lakari en áætlunarir gerðu ráð fyrir og einnig að tap á borgarsjóði sé fjögur hundruð milljónum króna meira en í fyrra. „Þrátt fyrir hækken útsvarstekna um tæpan einn milljarð er farið fram úr því sem var áætlað,“ segir Halldór Halldórsson, oddviti Sjálfstædisflokkins í Reykjavík.

Birgir Björn Sigurjónsson, fjármálastjóri Reykjavíkurborgar,



HALLDÓR HALLDÓRSSON

segir að helsta ástæða hallans sé lítil sala á byggingarrétti fyrri part ársins. „Hins vegar segir reynslan okkur að seinni hluti ársins er tekjusterkari tími.“

Annað sem útskýrir hallann, að sögn Birgis, er þjónustu fyrir ríkið sem ekki hefur verið bætt upp með tekjum. „Það var gríðarleg aukning á kostnaði vegna yfirtöku á málefnum fatlaðs fólks. Það koma vaxandi kröfur frá ríkisvaldinu um aukna þjónustu sem við fáum ekki bætta með auknum fjárlögum. Það sama á við um 240 milljóna halla vegna hjúkrunarheimila.“

Birgir ítrekar þó að heildarniðurstaðan sé betri en búist var við. „Í heildina séð er borgin með sterka fjárhagsstöðu og við erum ekki óróleg yfir þessu.“

Halldór segir heildarniðurstöð-



Pað koma vaxandi kröfur frá ríkisvaldinu um aukna þjónustu sem við fáum ekki bætta með auknum fjárlögum.

Birgir Björn Sigurjónsson, fjármálastjóri Reykjavíkurborgar.

una vera villandi. „Einn stærsti liðurinn sem færður er inn í tekjur er áætlun um hve mikil verðmæti íbúða Félagsbústaða hefur aukist á hálfu ári, sem er 2,4 milljarðar. Það er ekkert á bak við þetta þar sem eignirnar eru ekki til sölu. Ef maður tekur þennan lið út og samþærilegan lið frá því í fyrra kemur í ljós að rekstrarniðurstaðan er verri í ár en í fyrra,“ segir Halldór og bætir við að þetta kalli að uppstokkun og nýja hugsun í rekstri borgarinnar. erlabjorg@frettabladid.is

Fimmtán hundruð manns eru látin vegna ebólufaraldursins sem nú geisar:

Tugbúsundir í hættu vegna ebólu

GENF, AP Alþjóðaheilbrigðismálstofnunin (WHO) hefur gefið út að riflega tuttugu þúsund manns til viðbótar eigi á hættu að smitast af ebólu aður en hægt verður að stöðva útbreiðslu sjúkdómsins.

Einnig hefur verið gefið út að tvísvar til fjórum sinnum fleiri gætu hafa smitast af ebólu en hingað til var talið. Því þúsund smit eru skráð og um helmingur hinna smituðu er nú láttinn. Því óttast stofnunin að yfir tíu þúsund gætu látið lífið vegna ebólu.

Faraldurinn er þegar orðinn sá versti í sögunni að sögn Bruce Aylward hjá WHO. „Í versla faraldrinum þar til nú sýktust um fjögur hundruð manns,“ sagði Aylward.

Heilbrigðisfyrvöld í Bandaríkjunum og á Bretlandi hyggjast hefja prófanir á mönnum á lyfjum gegn ebólu sem enn eru á tilraunastigi. Prófununum var flýtt vegna ebólufaraldursins. Ef vel tekst til verða lyfin komin í framleidiðslu innan nokkurra mánaða. - ih



MÍKIL HÆTTA Bruce Aylward hjá WHO segir ebólufaraldurinn sem nú breiðist út þann versta í sögunni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

OPÍÐ HÚS

Á MORGUN 30. ÁGÚST MILLI 13 OG 16

MÍÐASALA | 568 8000 | BORGARLEIKHUS.IS

Skipulagsstofnun

Mat á umhverfisáhrifum

Ákvörðun um matsskyldu

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að framkvæmdin

Framleiðsluaukning á eldi regnbogasilungs í allt að 1.100 tonna ársframleiðslu í Önundarfirði, Ísafjarðarbæ, á vegum Dýrfisks hf.

skuli háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000. Ákvörðunin liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, Reykjavík og á www.skipulagsstofnun.is. Ákvörðunina má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála til 30. september 2014.

HVALFJARDAR SVEIT

Auglýsing á tillögum breytinga Aðalskipulags Hvalfjarðarsveitar 2008-2020

Tillögur breytinga Aðalskipulags Hvalfjarðarsveitar 2008-2020 varða landnotkun við Grundartanga og stefnumörkun fyrir iðnaðarsvæði.

Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar samþykkti þann 12. ágúst sl. að auglýsa tillögur að breytingum Aðalskipulags Hvalfjarðarsveitar 2008-2020 sbr. 1. mgr. 36. gr. skipulagslag 123/2010. Um er að ræða tvær tillögur. Annars vegar breytingu landnotkunar við Grundartanga ásamt umhverfisskýrslu sbr. 7. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 og hins vegar breytingu stefnumörkunar iðnaðarsvæða.

Breyting landnotkunar varðar stækkun iðnaðarsvæðis um 52,4 ha og minnkun athafnasvæðis um 85,8 ha og minnkun hafnarsvæðis um 6,7 ha við Grundartanga.

Tillögunni fylgir einnig umhverfisskýrsla.

Breyting stefnumörkunar iðnaðarsvæða varðar í meginatriðum að bestu fáanlegu tækni sem uppfyllir BAT staðal skal ávallt beitt til að draga úr mengun frá iðnaðarsvæðum og ekki verði heimilt að hefja nýja starfsemi sem hefur í för með sér losun flúors eða brennisteinstvíoxiðs á iðnaðarsvæðum við Grundartanga.

Tillögur breytinga aðalskipulags liggja frammi hjá Skipulagsstofnun og á skrifstofu Hvalfjarðarsveitar, Innriðimel 3. Tillögur má einnig sjá á heimasíðu sveitarfélagsins, www.hvalfjardarsveit.is/skipulag/auglysingar/ frá 29. ágúst til og með 3. október 2014.

Athugasemdir við tillögur breytinga aðalskipulags skulu vera skriflegar og berast skipulagsfulltrúa í síðasta lagi þann 3. október 2014 á skrifstofu Hvalfjarðarsveitar, Innriðimel 3, 301 Akranes eða á netfangið skipulag@hvalfjardarsveit.is.

Skipulagsfulltrúi Hvalfjarðarsveitar

BÍLTÆKI
FERÐATAEKI
MAGNARAR ÚTVÖRP
BÍLMAGNARAR PRÁÐLAUSIR SÍMAR
SJÓNVÖRP MYNDAVÉLAR
DVD SPILARAR
BÍLHÁTALARAR
HEYRNARTÓL

HLJÓMBORD
REIKNIVÉLAR

ÚTSALA

MEIRA EN 2000 VÖRUTEGUNDIR MEÐ ÓTRÚLEGUM AFSLÆTTI

ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR

LOKADAGAR – ÚTSÖLUNNI LÝKUR UM HELGINA

UPPPVOTTAVÉLAR ELDAVÉLAR ÍSSKÁPAR HÁFAR
HELLUBORD OFNAR FRYSTIKISTUR SAMLOKUGRILL RAKVÉLAR
HRÆRIVÉLAR ÖRBYLGJUOFNAR PVOTTAVÉLAR
KAFFIVÉLAR BLANDARAR PURRKARAR

7 VERSLANIR UM ALLT LAND

SUÐURLANDSBRAUT 26
HAFNARGÖTU 90
AUSTURVEGI 34
ÞJÓÐBRAUT 1
GLERÁRGÖTU 30
GARDARSBRAUT 18A
KAUPVANGI 6

REYKJAVÍK
REYKJANESBÆ
SELFOSSI
AKRANESI
AKUREYRI
HÚSAVÍK
EGILSSTÖÐUM

S: 569 1500
S: 414 1740
S: 414 1745
S: 431-3333
S: 460 3380
S: 464 1600
S: 414 1735

TAKMARKAÐ
MAGN

Fyrstur kemur – fyrstur fær!

Sjá allt
úrvalið
á ht.is

ÓPIÐ!
ALLA HELGINA
Á SUÐURLANDSBRAUT

LAUGARDAG 11-16
SUNNUDAG 13-17



Heimilistæki

www.ht.is

SUÐURLANDSBRAUT 26 - REYKJAVÍK - SÍMI 569 1500

CASIO Lenco NAD KENWOOD PHILIPS LG Panasonic DENON UNITED BEKO scan domestic
wilfa Melissa Ariete elna VESTFROST exDo MEDISANA Whirlpool DeLonghi DAEWOO

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

Forkryddaðar BÓNUS
Grillgrísakótilettur

Sunnudagslambalærið
frá Kaupfélagi Skagfirðinga



Bónus Grísakótilettur úrb.

1198
kr. kg



1198
kr. kg



Kaupfél. Skagfirðinga Frosið heilt lambalæri FROSIÐ



Amerísk Rauð og græn vínber

759
kr. kg



1198
kr. kg



Kaupfélag Skagfirðinga Frosið lambasirloin FROSIÐ



EuroShopper Hvitur sykur 1kg

365
kr. 1 kg.



Íslandsgrís Ferskar grísakótilettur

998
kr. kg.



Íslandsgrís Ferskt grísahakk

Íslandsgrís
kótilettur og hakk



Glerkrukkur með loki 400ml

149
kr. stk.



1598
kr. kg

Ferskur BÓNUS
Kjúklingur



Bónus ferskar kjúklingabringur



AFGREIDSLUTÍMI
FÖSTUDAGUR
10:00-19:30



1598
kr. 38 þvottar

BÓNUS EKKERT BRUÐL



598
kr. bakkinn

Brúnegg 10 stk. 680g



Bónus ferskur heill kjúklingur



Ath. Vörverð í þessari auglýsingu
gildir frá fimmtdug til sunnudags

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

233 kr. flaskan

1398 kr. 6 x 2 ltr.

669 kr. kg. Goða frosið súpukjöt

379 kr. 500g Akursel LÍFRÆNAR ÍLENSKAR GULRÆTUR 500g

3798 kr. kg. Íslandslamb Ferskt lambafillett

1198 kr. kg. Íslandslamb Ferskir lambaskankar

2998 kr. kg. Íslandslamb Ferskt lambaprime

298 kr. 454g Amerískar Eggjahvítur 454g

30% AFSLÁTTUR
Áður: 1598 kr.

1119 kr. 32 stk. Prince Póló 32 stk. kassi

298 kr. 1 kg. Bério extra virgin olía 500+250 ml

598 kr. 750ml Bério ólivuolia 500+250 ml

298 kr. 1 ltr. the berry company Goji berry

179 kr. 1 ltr. BÓNUS Tröllaháfrar

279 kr. 250ml froosh fruit bottled

3298 kr. 30 skammtar ON ESSENTIAL AMINO ENERGY

459 kr. 3x250ml HÁMARK proteinpulpa

169 kr. 500ml POWERADE

VISA

AFGREIDLUTÍMI FÖSTUDAGUR 10:00-19:30

BÓNUS EKKERT BRUÐL

SKOÐUN

Er hægt að ráðskast með heiður blaðamanna:

Er hægt að svíkja sannfæringuna?

Pað fólk sem velur sér það starf að skrifa fréttir eða annað fjölmílaefni er venjulegt fólk. Stundum er í þeim hópi fólk sem er fast á sinni meiningu, fljótt að hugsa og áraðið. Það eru kostir í fréttamennsku. Besta fólkioð er fólk sem hefur sóma og bykir vænt um vinnuna, eigið orðspor og eigin æru.

Það hefur gengið á ýmsu, hjá nokkrum fjölmíðum, síðustu daga, ekki síst á þeirri ritstjórn sem ég starfa á og það á reyndar viðar við. Þannig er stundum lífsins gangur.

Eitt sker störf við fjölmíðla frá flestum öðrum störfum. Það er sú staðreynad að vinnan er birt opinberlega, hún er öllum aðgengileg. Fréttastofa 365 framleiðir býsn af fréttum, fréttum sem allar eru öllum aðgengilegar án endurgjalds.

Til að skrifa allar þessar fréttir þarf margt fólk, fólk sem tekur starf sitt alvarlega, fólk sem fylgir eigin afstöðu í meðferð fréttu, sómakært fólk, fólk sem veit að fréttir eru ekki til sölu eða leigu, fólk sem vill með starfi sínu segja fréttir. Sannar og réttar.

Ef Reynir Traustason hættir sem ritstjóri DV er ekki þar með sagt að aðgangshörð blaðamennska, í þeim anda sem DV rekur, hverfi. Taki annar ritstjóri við verður eflaust annar blær á blaðinu, kannski verri og kannski betri.

Sama er með alla aðra fjölmíðla. Peir sem stýra hafa vissulega áhrif á það sem þar er unnið og jafnvel hvernig. Einstaka blaðamenn og fréttamenn hafa ekki minna um það að segja. Ritstjóri eða fréttastjóri beygir ekki blaðamenn frá beirra eigin sannfæringu og fær þá til að skrifa ósannindi, rangindi eða bóknunarfréttir. Það er bara ekki hægt. Ekki gagnvart sómakæru fólk.

Þegar skipt er um ritstjóra á fjölmíðli vill oft verða mikil umfjöllun um það. Alls kyns kenningar myndast. Ástæðurnar geta hins vegar verið margar og ólíkar, sem liggja að baki ákvörðun eigenda eða stjórnenda fjölmíðlafyrirtækja þegar ákvæðið er að gera breytingar á fyrirtækjunum. Stundum gerist það að afkastamiklir skipstjórar og ágætlega fisknir eru látnir fara. Ástæður þess geta verið margar. Kannski fer viðkomandi ekki nægilega vel með skip eða veiðarfæri eða eithvað annað. Já, ástæðurnar eru ekki alltaf augljósar þegar ákvæðið er að skipta um stjórnendur.

Liðna daga hefur á sumum stöðum verið látið að því liggja að á fréttastofu 365 séu óeðlileg afskipti af ritstjórninni. Vilji einhver, eigandi eða annar, hafa áhrif á fréttir eða fréttamenn þarf margt að gerast. Og til að það geti gerst þarf mikið að láta undan. Sumt af því er óhaganlegt, en það er sómi og æra fólks. Fólk sem í bessu tilfelli mætir daglega til vinnu sinnar með sín eigin viðmið, sinn eigin sóma og sinn eigin huga.

Eftir að hafa starfað með bessu ágæta fólk í nokkra daga, talað við það og hlustað á hvað það hefur að segja um faglegt mat þess á blaða- og fréttamennsku er ég sannfærður um eitt, og það er það að hlustendur, áhorfendur og lesendur Fréttablaðsins, Stöðvar 2, Vísísi og Bylgunnar, hafa ekkert að óttast. Hér starfar heilt og gott fólk sem tekur starf sitt alvarlega. Fólk með sóma og sannfæringu og það er ekki hægt að svíkja eigin sannfæringu. Það er bara ekki hægt.

FRÉTTABLAÐID

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Pránnsson ÚTGEFANDI OG ÁÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is FRÉTTARTISTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson sm@frettabladid.is. Fréttablaðið kemur út 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efnir blaðsins í stafrænu formi og í gagnabókum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871

VERTU MEDÍ Á ÁSKRIFT!

FJÓRAR SÝNINGAR Á AÐEINS **14.500 KR.**

MÍDASALA | 568 8000 | BORGARLEIKHUS.IS

FRÁ DEGI TIL DAGS

Gleðiefni

Það var sannarlega tilefni fyrir Bjarna Benediktsson fjármála- og efnahagsráðherra til að fagna í gaer. Niðurstaða í verðtryggingarmáli fyrir EFTA-dómstónum, þar sem Íslandsbanki vann fullnaðarsigur, bendir til þess að dómistólar muni ekki knýja á um breytingar á verðtryggingu. Íslenskir dómistólar verðtrygginguna löglega má ljóst þykja að efnahagsmálin verða auðveldar viðureignar fyrir ráðherran en ella væri. Bjarni var staddur á ítalum til að fagna, þar sem Stjarnan lék seinni leiðinn gagn Inter Milanó. Spurning hvort hann sé eins ánægður með úrslit leiksins eins og niðurstöðu EFTA-dómsins.



Hriktir í stoðum óskabarnsins

Niðurstöður rekstraruppgjörs tölvufyrirtækisins CCP, sem birt var í gaer, valda vonbrigðum. Fyrirtækioð burfti fyrir nokkrum mánuðum að hætta þróun á nýjum tölvuleik. Það hefur meðal annars leitt til þess að tap varð á rekstrinum upp á 2,7 milljarða króna á fyrri helmingi ársins. Petta er ekki einungis slæmt fyrir fyrirtækioð sjálfur heldur líka samfélagið í heild. Nýsköpunarfyrirtæki á borð við CCP og Plain Vanilla hafa af mórgum verið álitin óskabörn þjóðarinnar. Engin augljós umhverfisspjöll eru af rekstri beirra og þau krefjast fjölda vel menntaðra starfsmanna sem þiggja há laun og geta greitt ríkulega til samfélagsins.




Afrísku svínin

Matvælastofnun lagði sín lóð á vogaskálarnar til stuðnings baráttu Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar forsetisráðherra gegn innflutningi á kjöti. Í frétt á vef stofnunarinnar kemur nefnilega fram að afrísk svínapest sé að brjóta sér leið úr austri til æ fleiri Evrópulanda. Um er að ræða alvarlegan sjúkdómd í svínum, sem í flestum tilvikum veldur dauða þeirra. Sigmundur Davíð getur með vísan í þessa frett fært rök fyrir þeim hugmyndum sínum að íslensk matvæli séu þau bestu. Forsætisráðherra hefur í það minnsta rök til að beita sér gegn innflutningi á svínakjöti frá Afríku.

jonhakon@frettabladid.is

HALLDÓR



Hundalíf á Íslandi

SAMFÉLAG



Jórunn Sørensen
framhaldsskólanar
nari á eftirlaunum

Ég á erindi til Akureyrar í haust og þarf að gista þar í nokkrar nætur. Ég hringdi í ferðaskrifstofu og bað um upplýsingar um gistingu þar sem ég gæti haft hundinn minn með mér. Fyrst var andartaks bögn svo kom: „Hund?!” Eins og ég hefði viljað hafa með mér geimveru. Þannig að tóninn sýndi greinilega hversu fráleitt það var að ætla að gista á hótelí á Akureyri með hund. Hund!! En betta var kurteis kona sem áttáði sig og ætlað að athuga málid og hringja í míg.

Nú, nú – síðan hringdi ég í Strætó með sama erindi. Ég þyrfti að fara til Akureyrar, ætlaði með strætó og hvort ekki væri í lagi að taka hundinn með mér. Svarið var þvert nei. Engin dýr. Ég spurði hver réði þessu og svarið var eigendur og stjórn Strætó bs.

Það er undrunarefni og mjög sorglegt að þráttr fyrir áratuga baráttu fólk fyrir leyfi til hundahalds í borg og bæjum á Íslandi skuli það enn ekki vera sjálfsgagt að fara um borgina og landið í almenningsfarartækjum, setjast inn á kaffihús, eða gista á hótel og vera með hund.

Leyfi til hundahalds fékkst með herkjum. Fyrir betta leyfi borga hundaeigendur þúsundir króna árlega. Þessi gjaldtaka er bæði óviðunandi og fáránleg því svo eru þessi „löglega skráðu

dýr“ til óþurftar í návist almennings.

Skert réttindi

Sem einn af stofnendum bæði Hundavinafelagsins og Hundaræktarfélags Íslands hef ég sannarlega upplifað allar hliðar á skerðingu á réttindum okkar og hundanna okkar í samfélagini. Nú áratugum síðar er ég bæði hissa og leið yfir því hve seitn gengur að koma hundahaldi hér í edlilegt horf. Með þessum orðum á ég við að yfirvöld haetti þessum neikvæða tóni í garð hunda og hundaeigenda. Í hvert sinn sem rætt er við yfirvöld um hunda er talað um að margir hundar séu skráðir; að hundar kúki, hræði fólk og svo framvegis.

Ein dótturðætra minna býr og starfar í Stokkhólmi. Hún og maðurinn hennar eiga hund, Bjöllu sem er fædd á Íslandi. Ég fæ iðulega sendar myndir af Bjöllu á lestarstöð; í lestinni; í strætó; á kaffihúsi. Bjalla á vegabréf sem gerir henni kleift að ferðast um alla Evrópu með eigendum sínum – nema til Íslands. Þegar fjölskyldan fór í frí til Berlínar skiptu þau hótel hundruðum sem buðu Bjöllu velkomna. Það myndu nú ekki detta af okkur Íslendingum gullhringarnir þótt við færum að umgangast hundaeigendur og heimilishunda þeirra eins og edlilegan part af samfélagini.

Opið bréf til útværpsstjóra RÚV um mannréttindabrot

Kæri Magnús. Mig lang-aði að spyrja þig hvort þú teljir RÚV uppfylla laga-legar skyldur sínar gagn-vart öllum landsmönnum? Mín skoðun er sú að svo sé ekki. Sjónvarp án texta-varps stenst engan veginn lagalega skoðun.

Að minnsta kosti 50.000 manns er misboðið með einangrun sem því fylgir að vera heyrnarskertir og lifa við heft aðgengi að íslenskri menningu og báttóku í samfélagsumræðu í eigin landi. Það spilar RÚV stórt hlutverk og ýtir undir þá einangrun með því að uppfylla ekki lagalegar skyldur sínar um að þjóna hlutverki sínu gagnvart öllum landsmönnum. Bæði hvað menningu varðar og almannavarnir. Textavarp er enn mjög naumt skammtað og virðist



MANNRÉTTINDI
Rannveig
Magnúsdóttir
heyrnarskertur eldri
borgari

geðþóttinn ráða því hvað við erum verðug að vera upplýst um og hvað ekki.

Mæta mannréttindi for-gangi?

Þróstur Helgason, verðandi doktor og nýráðinn dagskrárstjóri Rásar 1, leggur einmitt sérstaka áherslu á samfélagslega umræðu hlustenda Rásar 1, en skiljanlega gagnast það aðeins þeim heyr-andi. En hvað með okkur sem heyrnarskert erum? Sér-stök áhersla er lögð á endurreisn Rásar 1, með róttekum breytingum, en samkvæmt nýlegu viðtali við Pröst var rásin í dauðateygjum. Gott og blessað. Von-andi tekst vel til með það, enda þótt hálfur skammtur bæna-lesturs sé talinn nægur fyrir sálartetur hlustenda rásarinnar. Íslending-

ar verða að vera „töff“ og hliðra til fyrir „attitjúdinu“ því bæna-lestur telst kannski ekki til „attitjúds“.

Frá 18 ára aldri eru landsmenn skikkaðir í áskrift, svo og öll fyrir-tæki landsins. Fyrir utan þau hundruð milljóna sem stofnunin hlýtur af fjárlögum. Það er auð-vitað fyrir utan auglysingatekjur. Fáar opinberar stofnanir eða hluta-félög hafa slíkt fé til ráðstöfunar en það er réttlætt vegna lagalegar skyldu RÚV gagnvart öllum landsmönnum – líka þeim sem ekki heyra. Enda bæði ljósvakamiðill og útvarp.

Geðþóttaskammtanir á textun

Pessi mismunun sem RÚV hefur stundað um árabíl gagnvart fötlu-úði fólkis er ekki annað en mannréttindabrot. Það er nefnilega ekki geðþóttakvörðun ykkar hyða efni heyrnarskertir purfa að fá textað.

Þeir eiga rétt á því að allt íslenskt efni hjá RÚV sé textað. Ekki bara erlendir glæpabættir.

Hingað til hafið þið borið fyrir ykkur fjárskort, en það er fásinna. Í fyrsta lagi eru mannréttindi óháð fátækt. Og það er ekki hægt að segja að þessi stofnun sé fátæk. Þar fyrir utan eru aðrir hlutir í miklu meiri forgangi hjá ykkur, eins og að umþylta tækninni í háskerpusjón-varp, kaupa dýra erlenda þætti og/eða greiða stjórnendum ofurlaun.

Það er prekraun að fá ekki tækifæri til að vera með á nótunum í íslenskri menningar- og samfélags-umræðu – eins og Pröstur Helgason vill sjálfur leggja áherslu á. Órétt-lætið er hróplegt fyrir okkur sem heyrnarskert erum. Hvernig þætti heyrandi, sjónvarp án hljóðs?

Tæknin ekki lengur fyrirstaða
Um leið og ég ítreka kröfu mína

→ Hingað til hafið þið borið fyrir ykkur fjárskort, en það er fásinna. Í fyrsta lagi eru mannréttindi óháð fátækt.

um að réttur minn sem samfélags-begn sé virtur hjá RÚV þá langar mig til að hvetja þig til að sjá sóma binn í að beita bér fyrir þessu í starfi þínu. Hvort þú ætlir bér að hreinsa RÚV af þessu grófa mannréttindabroti, sem það hefur stund-að í fjölmörg ár. Áður var tæknin fyrirstaða en ekki lengur. Þetta snýst allt um forgang. Hver verð-ur þinn forgangur í starfi? Von-andi að stofnunin uppfylli lagalegar skyldur sínar og hætti að brjóta mannréttindi á fötluði fólkis. Er það kanni meira virði en „attitjúdið“ sem Pröstur vísaði til, eða hvað?

Með ósk um svar á sama vett-vangi.

Af verðbólgu og verðbólguvaentingum

Undanfarið hefur farið nokkuð fyrir umræðu um verðbólgu og væntingum um hana næstu misserin. Það er ekki að ófyrirsýnju því verðbólga hefur verið ein höfuðmeinsemið í íslensku þjóðlifi um langa hríð. Síðustu mánúði hefur náðst góður árangur sem vonandi er ekki tímabundinn. Þannig hefur mánáðarverðbólga undanfarið verið undir verðbólgi umarkmiðum Seðlabankans lengur samfellt en nokkrum sinni.

Í nýlegum spám er því hins vegar spáð að verðbólga fari vaxandi á



FJÁRMÁL
Þorsteinn
Sæmundsson
þingmaður Fram-
sóknarflokks

næstu mánuðum og miss-erum. Er þar einkum um að kenna vaxandi þenslu að sögn greiningarfyrirtækja. Mér lék nokkur forvitni á að kynna mér nánar forsendur greiningarfyrirtækjanna og hafði því samband við eitt þeirra. Æg spurði hvort í spánni væri tekið tillit til þess að mjög vantar á að styrking krónunnar hafi skilað sér í lægra vöruverði og því sé fyrir hendi upp-söfnuð lækkenum visitólu.

Svar greiningarfyrirtækisins var sláandi: Ekki er gert ráð fyrir vöru-

verðslækkun í spám fyrirtækisins því reynsla undanfarinna ára og jafnvel áratuga hefur kennt mönnum að gera ekki ráð fyrir lækkenun vöruverðs þegar gengi krónunnar styrkist. Veiking krónunnar skilar sér hins vegar undantekningarálaust og örfljótt inn í vöruverð á Íslandi samkvæmt sömu reynslu.

Tregða kaupmanna

Sá sem hélt ritar hefur ítrekað bent á þá staðreynd að tregða kaupmanna til að skila styrkingu krónunnar sem nemur að meðaltali um 13% undanfarin misseri, bó ekki væri nema að hluta, kostar landsmenn stórar upp-

hæðir. Í fyrsta lagi greiða landsmenn hærra verð fyrir nauðsynjar en efni standa til. Í öðru lagi kemur tregða kaupmanna til lækkanar vöruverðs í veg fyrir að verðtryggð lán heim-ilanна lækki eins og gerast myndi kæmi styrking krónunnar fram í lækkuðu verði.

Benda má að ef kaupmenn skil-uðu styrkingu krónu, þó ekki væri nema sem næmi 5%, myndi vísitala neysluverðs lækka um tvö prósentu-stig. Það hefði í för með sér um 34 milljarða lækkuð að verðtryggðum lánum heimilanna í landinu.

Á því tímabili sem undirritaður hefur gaumgæft þróun vöruverðs og

gengis, þ.e. frá febrúar 2013, hefur innkaupakarfa ASÍ hækkað í öllum verslunum sem könnun ASÍ nær til nema í Bónus þar sem karfan hefur lækkað um þrjú prósent. Lækkun Bónus er góðra gjalda verð en betur má ef duga skal. Allar aðrar verslanir í könnunni, þ.a.m. Hagkaup, hafa hækkað innkaupakörfuna á tíma-bilinu. Það er algerlega ósættanlegt að verðbólguþróun fari úr böndunum vegna aðgerða eða aðgerðaleysis kaupmanna. Ljóst er að ef verður breyting hér á þarf að fara gaum-gæfilega yfir það lagaumhvífi sem varðar verslun, samkeppni og verð-lagningu.

LOK FYRIR HEITA POTTA

Sterkustu lokin á markaðinum í dag



Lokin þola

Lok til á lager

Eigum til á lager:

Stærðir:

174x217 cm
200x200 cm
210x210 cm
217x217 cm
220x220 cm
217x235 cm
235x235 cm
8 hyrnd lok,
(passar á Unaðskel)

HITAVEITUSKELJAR OG RAFMAGNSPOTTAR



HEITIRPOTTAR.IS

FISKIKÓNGURINN
SOGAVEGI 3
SÍMI: 777 2000

Sölustaður

STÓR HUMAR

8.900 kr.-kg

SMÁR HUMAR

2.600 kr.-kg

OPIÐ LAUGARDAG 10 - 15



FISKIKÓNGURINN
HÖFDABAKKA 1
v/Gullinbrú
SÍMI 555 2800

www.fiskikongurinn.is



FISKIKÓNGURINN
SOGAVEGI 3
SÍMI 587 7755

Finndu Fiskikónginn á



TÍMAMÓT

MERKISATBURÐIR

1910 Fyrsti keisaraskurður þar sem bæði móðir og barn lifðu var framkvæmdur í Reykjavík.

1944 Í Ísafjarðardjúpi veiddist 300 kílógramma túnfiskur.

1945 Hafin var bygging húss fyrir Þjóðminjasafn Íslands við Hringbraut.

1971 Kirkjan á Breiðabólstað á Skógarströnd brann.

2005 Fellibylurinn Katrín olli yfir 1.600 dauðsföllum í Bandaríkjum.



Ástkær eiginmáður minn,
faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,



LOFTUR J. GUÐBJARTSSON
fv. bankaútbússtjóri,
Asparfelli 6, Reykjavík

lest á Hjúkrunarheimilini Eir miðvikudaginn
13. ágúst. Útförin fer fram frá Fella- og
Hólakirkju mánudaginn 1. september kl. 15.

Vigdís Guðfinnsdóttir
Marta Loftsdóttir
Svava Loftsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Gunnar Jóhannsson
Ásmundur Kristinsson



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir
og amma,



GRÉTA FANNY GUÐLAUGSDÓTTIR
hjúkrunarfæðingur og myndhögvari,
Hátúni 10, Reykjavík,

lest á heimili sínu þann 21. ágúst. Útförin
fer fram þann 29. ágúst frá Dómkirkjunni í
Reykjavík og hefti athöfn kl. 13.00.

Fyrir hönd aðstandenda,
Yngvi Eiríksson
Finnur Eiríksson
Guðrún Margrét Finnsdóttir
Kristín Ragna Finnsdóttir

Ragnheiður Valdimarsdóttir



Ástkær sonur minn,
bróðir, faðir, tengdafaðir og afi,

PORVALDUR BALDURS
Skólavörðustíg 10,

lest á líknardeild Landspítalans 24. ágúst.
Útförin fer fram frá Fossvogskirkju mánudaginn
1. september kl. 11.00.

Ása Þorvaldsdóttir Baldurs
Jón Arnar Baldurs
Jóhann Ásgeir Baldurs
Óskar Hrafn Þorvaldsson
Steinunn Ása Þorvaldsdóttir
og barnabörn.

Laufey Kristjánsdóttir

Nýtt á heimsvísu

VARANLEGT LETUR

Eingöngu hjá Graníthöllinni

Eitt mesta úrval landsins
af fallegum legsteinum
og fylgihlutum hjá
Graníthöllinni

Graníthöllin
Legsteinar

www.granithollin.is

Bæjarhrauni 26 Hafnarfjörður 555-3888



Pegar andlát ber að höndum

önnumst við alla þætti
þjónustunnar með virðingu
og umhyggju að leiðarljósi



Framúrskarandi
fyrirtæki 2013

Við þjónum allan sólarhringinn
Vesturhlíð 2 - Fossvogi - Sími: 551 1266 - www.utfor.is

Kórstarf óformlegt nám

Dr. Sigrún Lilja Einarsdóttir, hefur birt grein í tímaritinu British Journal of Music Education um hvernig kórsöngvarar upplifa samvinnu og hversu kórastarf er menntandi.

„Í greininni sýni ég fram á mikilvægi þess að halda ákveðnu jafnvægi innan kóra en að mismunandi geta söngvaranna sé ekki endilega slæm, því það að hafa leiðandi einstaklinga innan hvorrar raddir auðveldi öðrum að læra.“ Petta segir dr. Sigrún Lilja Einarsdóttir, lektor við Háskólanum á Bifröst, um ritrýnda grein sem hún birti í hinu virta tímariti British Journal of Music Education sem gefið er út af Cambridge University Press.

Sigrún byggir greininni að hluta til á niðurstöðum doktorsritgerðar sinnar sem hún varði 2012 við háskólanum í Exeter í Englandi en sérsvið Sigrúnar er tónlistarfélagsfræði.

„Kórastarf er stór þáttur í mennингarlífi staða og markmiðið með greininni er meðal annars að vekja athygli á því óformlega tónlistarnámi sem í því felst að syngja í kór. Það er mikil menntun,“ segir Sigrún. „Auðvitað eru það engar fréttir fyrir kórafólk en það hefur vantað umfjöllun um það á fræðasviðinu.“

gun@frettabladid.is



LEKTORINN „Ég sýni fram á það í greininni að mismunandi geta kórsöngvara er ekki endilega slæm.“

MYND/ÚR EINKASAFNI



Elskuleg eiginkona míni, móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,



ANNA GÍGJA GUÐBRANDSDÓTTIR
Soltúni 5, Reykjavík,

lest á krabbameinsdeild Landspítalans,
laugardaginn 23. ágúst. Útförin fer fram
frá Hallgrímskirkju föstudaginn 29. ágúst
kl. 15.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþökkuð
en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Karitas og Ljósið.

Haraldur Eiríksson
Agnes Úlfarsdóttir
Eiríkur Haraldsson
Pétur Haraldsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Kristján P. Björgvinsson
Guðrún Olsen
Soo-Kyung Pak-Haraldsson
barnabörn og barnabarnabörn.



Hjartans bakkir fyrir samúð og hlýhug
við andlát og útför móður okkar,
tengdamóður og ömmu,

SIGRÚNAR
JÓHANNESDÓTTUR

sjúkraliða,
og föður okkar, tengdaföður og afa,

GEIRS RUNÓLFSSONAR
bankastarfmanns.

F.h. fjölskyldna,
Björg J. Snorradóttir
Arndís Snorradóttir
Sævar Þór Geirsson
Gylfi Sigurður Geirsson
Jóhanna Elka Geirdóttir
Ingibjörg Guðrún Geirsóttir



Hjartans bakkir til ykkar allra sem
studduð okkur og umvöfduð við andlát
og útför eiginmanns míns, föður okkar,
tengdaföður og afa,

KRISTJÁNS GUNNARSSONAR
Leirubakka 18, Reykjavík.

Sérstakar kærlekskveðjur fær starfsfólk
líkhardeildarinnar í Kópavogi. Ást og friður.

Áslaug J. Guðjónsdóttir
Guðlaug Helga Kristjánsdóttir
Sæunn Harpa Kristjánsdóttir
Elsa Dögg Áslaugardóttir
og barnabörnin sjö.



Sólon Lárus Ragnarsson
Jósef Gunnar Sigþórsson

Valdimar
Guðmunds

Sirkus
Íslands

Ís frá
Emmess

Popp og
Candyfloss

Afmælis-
tilboð

AFMÆLIS HÁTÍÐ

Á MORGUN LAUGARDAG FRÁ 12 TIL MIÐNÆTTIS Í HALLARMÚLA 2



AFMÆLISHÁTÍÐ
LAUGARDAGINN
30.ÁGÚST
OPIÐ FRÁ 12 TIL
MIÐNÆTTIS
Í HALLARMÚLA



TÖLVUTEK
STÆRSTA TÖLVUVERSLEN LANDSINS • HALLARMÚLA 2 • 108 REYKJAVÍK

4BLS
KIPPA ÚT ::

AFMÆLI

Á MORGUN LAUGARDAG FRÁ 12T

AFMÆLIS
TÓNLEIKAR
VALDIMAR GUÐMUNDSSON
SPILAR ÖLL SÍN
ÞEKKTUSTU LÖG

STJÖRNU
TEPPI
LÁTTU MYNDA ÞIG
MEÐ KAPTEIN TÖLVUTEK
OG OFURKONUNNI

MS
OFFICE
365 PERSONAL
AÐEINS MED NÝRRI
ACER FARTÖLVU
4.990
30stk - 1stk á mann

ALLT AÐ
50%
AFSLÄTTUR
NOTAÐAR OG LÍTIÐ ÚTLITSGALLAÐAR
SPJALDTÖLVUR Á ÓTRÚLEGU VERÐI
MEDAN BIRGDIR ENDAST FRÁ
4.990

ALLT AÐ
50%
PÚSUND
AFSLÄTTUR AF
FARTÖLVUM VERÐ FRÁ
39.900

CANON
PRENTARAR
AFMÆLISVERÐ Á
CANON OG BROTHER
PRENTURUM FRÁ KR.
4.990
20stk - 1stk á mann

ALLT AÐ
50%
AFSLÄTTUR
AF SILICON POWER
MINNISLYKUM

IPAD
MINI
ÓTRÚLEGT TILBOÐ
39.900
VERÐ ÁÐUR 46.900

20%
AFSLÄTTUR
AF ÖLLUM GIGABYTE
MÓDURBORDUM

ALLT AÐ
20%
AFSLÄTTUR
AF ÖLLUM GIGABYTE
SKJÁKORTUM

20%
AFSLÄTTUR
AF ÖLLUM THERMA
TAKE TURNKÖSSU



FÓLK

KYNNINGARBLAÐ

GALABALLETT

Nokkrir af bestu dönsurum heims frá Boston-ballettinum, Paríscaróperunni, Bolshoi-ballettinum og tékkneska þjóðarballettinum koma fram á galaballett í Eldborgarsal Hörpu í kvöld og annað kvöld.



Afmælistilboð í ágúst 29 kr. stykkið!

Frábært tilboð á Instagram myndum, 10x13,5cm myndum og 10x15 cm myndum. 100 stk og yfir á 29 kr. stykkið gegnum framkollunarvef Finn okkar: framkollun.ljosmyndavorur.is

“Ekki missa
af tilboðinu -
lýkur 31.ágúst”

FUJIFILM

LJÓSMYNDAVÖRUR

SKIPHOLTI 31, 105 .REYKJAVÍK SÍMI: 568 0450 LJSOMYNDAVORUR.IS



NÝ SENDING FRÁ



TUZZI
KRINGLUNNI
SÍMI 5688777

Framtíðarárni

fyrirtaki 2013

Vertu vinur okkar á Facebook [f](#)

BARNVÆN HEIMILI

ATC KYNNIR *Forgangsverkefni allra foreldra er að vernda barn sitt á heimilinu. Öryggisvörurnar frá Dream Baby einfalda það verkefni til muna.*

Öryggi barna er leiðarljós framleiðandans Dream Baby sem býður upp á úrval öryggishliða og ýmsar lausnir til að vernda börn fyrir slysum í heimahúsum,“ segir Erla Einarsdóttir hjá Arctic Trading Company (ATC).

Nú njóta vinsælda útdregin hlið frá Dream Baby sem tekið hefur verið fagnandi af foreldrum og sérfræðingum um öryggismál.

„Hliðin eru einstaklega létt, endingargóð og auðveld í uppsettingu. Þau eru fyrirferðarlítil, rúllast upp þegar þau eru ekki í notkun og taka því ekki óþarfa pláss á heimilinu,“ segir Erla.

Auðvelt er að koma útdregnu hliði fyrir á tveimur stöðum innan heimilisins því hliðin eru hönnuð með tvennis konar festingum og passa í hurðarop sem eru allt að 140 sentimetrar á breidd.

„Útdregnu hliðin frá Dream Baby eru margverðlaunuð og hafa meðal annars unnið iParenting Media Award auk verðlauna vefsíðunnar ptptamedia.com þar sem hliðin voru prófuð og samþykkt af forráðamönnum barna og sérfræðingum.“

Auk útdreginna hliða framleiðir Dream Baby hefðbundin öryggishlið í tveimur hæðum (75 sm og 100 sm) og breiddinni 71 til 82 sentimetrar. Þá er hægt að kaupa framlengingar á hliðin sem geta aukið breiddina upp í 190 sentimetra.

„Frá Dream Baby eru líka til fjölmargar gerðir af skápa- og skúffulæsingum, gúmmímottur í baðið, gardínu- og rafmagnsnúrustytta, flatskjás- og hillufestingar, baðsæti og fjölmargt fleira til að tryggja öryggi barna,“ segir Erla um brot af öryggisbúnadí Dream Baby.

„Í boði eru margar gerðir gardína í bíla, speglar til að foreldrar eigi auðveldara með að fylgjast með barni sínu í bílnum og bumbubelti til að vernda ófædd kríli í móðurkvíði.“

Hefðbundin öryggishlið eru sjálflokandi og fást í svörtu, hvítu og stáli. Útdregin hlið fást í svörtu og hvítu.



DRAUMABÖRN Barnið getur leikið sér frjálst og öruggt heima með öryggisbúnaði Dream Baby.

Nánari upplýsingar um Dream Baby er að finna á Facebook undir DreambabyOryggisvorur.

KUNG PAO

ÞÚ VERÐUR AÐ SMAKKA

KJÚKLINGUR KUNG PAO MEÐ GRÆNMETI
CHILLI, JARÐHNETUM, FERSKUM ENGIFER, HVÍTLAUK OG HRÍSGRJÓN

Z
N
G
S

Hringdu núna!
Sækju eða fáðu
matinn sendan heim
588 9899

SJÁLFLÍMANDI HNÍFAPARASKORDUR

Hjálpa þér að halda öllu í skorðum í skúffum. Einnig sjálfímandi filt til að klæða skúffur og filt með verjandi efni svo ekki falli á silfur og silfurplett. Við eיגum líka fægilög, fægiklúta og ídýfulög til að hreinsa.

Sendum í postkröfum

Gullkistan

Frakkastíg 10 - Sími 551 3160 - gullkistan@vortex.is - www.thjodbuningasilfur.is



ÚRVAL VEITINGA Yfir 50 bændur og smærri framleiðendur kynna og selja alls kyns góðgæti í Hörpu um helgina.

MYND/HELGU BJÖRNSDÓTTIR



Innritun
og upplýsingar
á [dansskoli.is](#) eða
í síma 553 6645



Salsa
Break
Zumba
Hip Hop
Freestyle
Brúðarvals
Barnadansar
Samkvæmisdansar
Sérnámsskeið fyrir hópa
Börn - Unglingar - Fullorðnir

Ymis starfsmanna-, stéttar- og sveitarfélög veita styrki vegna dansnámskeiða.



DANSSKÓLI
Jóns Péturs og Köru
Dansfélag Reykjavíkur

Danskennarasamband Íslands | Faglærðir danskennarar
Valsheimilið Hliðarenda | sími 553 6645 | dans@dansskoli.is

Ábendingahnappinn má finna á
www.barnaheill.is



VEISLA FYRIR MAT- GÆÐINGA LANDSINS

MATARMARKAÐUR Bændur og framleiðendur kynna framleiðslu sína í Hörpu þegar vinsælasti matarmarkaður landsins er haldinn í fimmra sinn.

Hinn geysivinsæli matarmarkaður Búrsins verður haldinn í fimmra sinn um helgina í Hörpu. Markaðurinn er fyrir löngu búinn að skipa sér stóran sess meðal matgæðinga landsins enda má þar finna mikið úrval af alls kyns góðgæti frá íslenskum bændum og smærri framleiðendum.

Það var Eirný Sigurðardóttir, eigandi ljúfmetsverslunarinnar Búrsins, sem setti markaðinn fyrst á fót fyrir jólin 2011. Þar kynntist hún Hléðis Sveinstóttur sem þá var formaður félagsins Beint frá býli. Í sameiningu hafa þær byggt upp markaðinn sem hefur vaxið hratt undanfarin þrjú ár. „Á jólamarcaðinn 2013 komu um 16.000 manns en vormarkaðurinn í ár dró til sín 32.000 gesti sem hlýtur að vera heimskmet,“ segir Eirný. „Að 10% þjóðarinnar komi á markað sem haldinn er í nafni lítilar ljúfmetsverslunar af tveimur konum er ótrúlegt. Engir fjárfestar eru á bak við okkur, nefndir eða annað slíkt. Petta er bara unnið á hlaupum og öllum tínum dags eins og Íslendingum einum er lagið.“

Að sögn Hléðisar munu yfir fimmtíu bændur og framleiðendur kynna og selja framleiðslu sína og kennir þar ymissa grasa. „Markaðir okkar hafa alltaf einkennst af gríðarlega miklu úrvali enda er þetta stærsti matarmarkaður landsins. Meðal annars verður boðið upp á kiðlingakjöt, grænkálpespesto, ostrusveppi, landnámsþænu-egg, íslenskan halloumi-ost, makrília, velferðarkjúkling, grænmetis- og kjöttþylsur, kartöflukonfekt og ótal margt fleira. Listinn er nánast endalaus.“

Þær ítreka að án allra þeirra frábæru framleiðenda sem taka þátt hefði aldrei verið hægt að setja slikan markað á fót. „Þetta eru dugnaðarforkar og frumkvöðlar. Svona markaður er ein besta leiðin til að koma sér á framfærni því þangað mætir fjölbreyttur hópur fólks; hefðbundnir neytendur, birgða-



FRÁBÆR ADSÓKN

„Að tíu prósent þjóðarinnar komi á markað sem haldinn er í nafni lítilar ljúfmetsverslunar af tveimur konum er ótrúlegt,“ segja þær Hléðis og Eirný.

MYND/GVA

kaupendur, mataráhugafólk og fólk úr veitingabransanum. Svona markaðir eru líka góð leið fyrir framleiðendur til að „lesa“ salinn, heyra í neytendum og próa eigin vörur. Það er því ljóst að allt áhugafólk um mat setti að passa upp á að láta þennan markað ekki framhjá sér fara um helgina.“

FRÍTT INN

Matarmarkaður Búrsins stendur yfir laugardag og sunnudag og verður opinn milli kl. 11 til 17 báða dagana. Ekkert kostar inn. Nánari upplýsingar má finna á Facebook undir Matarmarkaður Búrsins.

Lífið

FÖSTUDAGUR
29. ÁGÚST 2014

Ellen Loftsdóttir og
Saga Sigurðardóttir
**MIÐLA REYNSLU
SINNI Í NÝJU
TÍSKUNÁMI 2**

Guðrún Darshan
jógakennari
**JÓGA ER GRUNNUR
AD BETRA SAM-
FÉLAGI 4**

Maria Birta
Bjarnadóttir leikkona
**MED KVENLEGAN
OG ROKKADAN
FATASTÍL 8**



Margret Hrafnssdóttir
**HRÆÐIST EKKI
AD ELDAST**

FRÉTTABLAÐID

> visir.is/lifid

HVER ER?

Nafn?

Marta Eiríksdóttir

Aldur: 29 ára

Starf?

Jögakennari hjá World Class og starfsmaður í nýrri heilsuverslun sem Gló mun opna í haust.

Maki? Einhleyp.

Stjörnumerk? Tvíburi.

Hvað fíkkstu þér í morgunmat? Dásamlegan grænan djús með fullt af engifer, sítrónu, agúru, sellerí og lime og þeyting með möndlu-mjólk, banana, hnetusmjöri, grænu tei, lucuma, maca og frosum bláberjum.

Uppáhaldsstaður?

Álfanes á Mýrum þar sem fjölskylda mín er svo lukkuleg að eiga jörð með bústað og guðdóm-legu útsýni.

Hreyfing? Jóga.

Uppáhaldsfatahönnuður? Malene Birger.

Uppáhaldsmynd?

Það koma margar frábærar myndir upp í kollinn en sú fyrsta sem poppaði inn er The Intouchables. Yndisleg mynd sem fær mig til að kveikja á öllum tilfinningaskalanum.

Ertu A- eða B-manneskja? Nátthrafn sem elskar morgunstundir. Það er bara svo gaman að vera til að bæði er betra.

HVERJIR HVAR?

Það var kynngimögnuð stemning á tónleikum popprinsins Justins Timberlake í Kórnum á sunnudagskvöldið. Þar var meðal annars söngvarinn **Friðrik Ómar** í sínum finasta pússi. Punktinn yfir i-ið setti hann með glansandi silfurskóm. Stórsöngvararnir Stefán Hilmarsson og Björgvin Halldórsson létu líka sjá sig sem og meðlim-



ir sveitarinnar Of Monsters and Men. Fatahönnuðurinn Andrea Magnúsdóttir mætti með fjölskylduna og Solla og Elli, kennd við Gló, skemmtu sér konunglega. Stjörnuparið **Friðrika Hjörðis Geirdóttir** og Skúli Mogen森 létu vel hvort að öðru í stúkunni.



TÍSKA SPENNANDI AÐ MIÐLA REYNSLU SINNI TIL NEMENDA

Saga Sigurðardóttir og Ellen Loftsdóttir setjast í kennarastólinn í vetur er þær halda utan um stílistu-og ljósmyndaranám Reykjavík Fashion Academy. Þær segja nemendur verða að eiga það sameiginlegt að búa yfir ástríðu og gefast ekki upp þótt á móti blási.

Ljósmyndarinn Saga Sigurðardóttir og stílistinni Ellen Loftsdóttir hafa starfað í tískubransanum hérlandis sem erlendis um hríð og ætla nú að nýta þá reynslu og miðla áfram í skóla Reykjavík Fashion Academy. Þær munu halda utan um stílista- og ljósmyndanám skólanas og eru spenntar að hefjast handa.

„Hlutverk okkar er fyrst og fremst að sníða/búa til námið og halda utan um námið í heild sinni, skipuleggja það, ráða inn gestakennara með sérhæfni sem og vera nemendum innan handar meðan að náminu stendur,“ segir Ellen og Saga bætir við: „Við munum leggja mikið upp úr skapandi hugsun, hugmyndavinnu og að hjálpa nemendum að finna sinn stil. Ásamt því að fara í praktísk, teknileg og undirstöðuatriði í greinunum tveim.“

Ellen og Saga segjast leggja mikið upp úr tengslum við atvinnulífið á námskeiðunum tveimur. „Okkur finnst það mjög mikilvægt að geta sýnt hvernig þessi heimur virkar með því að leyfa nemendum að spreytta sig á sínum eigin verkefnum undir leiðsögn kennara. Ásamt því fá nemendur að fylgjast með í tökum og kynnast þannig tísku- og auglýsingabransanum hér heima og úti,“ segir Ellen.

Saga og Ellen eru báðar búsettar erlendis, Saga í London og Ellen í Kaupmannahöfn, svo þær gera ráð fyrir að veturninn bjóði upp á mikið flakk milli landa. Á meðan að náminu stendur – hvert námskeið er fimm vikur að lengd – gera þær

ráð fyrir að vera á Íslandi. „Maður er alltaf með eitthvað skemmtilegt í bípumum. Til dæmis er ég að fara að mynda fyrir norsku útgáfuna af ELLE með ljósmyndaranum Herði Ingasyni og munu nemendur fá að fylgjast náið með því ferli,“ segir Ellen og Saga tekur undir. „Ég hef verið að koma mikið til Íslands að mynda á árinu. Ég var að klára að mynda fyrir tónskáldið Önnu Þorvalds. Svo er ég á leiðinni út á land í nokkra daga að mynda herferð með listakonunni og ilmvatnshönnuðum Andreu Maack og svo er ég að vinna með Jör og Aftur. Við Rebekka Rafnsdóttir erum einnig að vinna að heimildarmynd á Íslandi og svo eru fleiri verkefni á döfnum.“

Þær eru spenntar að hefjast handa við kennsluna. „Mér finnst ótrúlega skemmtilegt að kenna og mjög gefandi, hef bæði verið að halda fyrirlestra í St. Martins í London og í Ljósmyndaskólanum hérna heima,“ segir Saga og Ellen segir verkefnið vissulega krefjandi. „Petta leggst mjög vel í mig og er ég mjög spennt að takast á við þetta skemmtilega en sömuleiðis krefjandi verkefni. Það er alltaf gaman að geta miðlað reynslu sinni til þeirra sem yngri eru og ekki síst að fá innblástur frá þeim.“

Aðspurðar hvaða eiginleika þurfi til að ná langt í þessum harða heimi tískunnar stendur ekki á svörum frá stöllunum: „Gefast ekki upp þótt á móti blási, vera tilbúin að leggja hart að sér og síðast en ekki síst að hafa ástríðu og óbiliandi trú á sjálfum sér.“

alfrun@frettabladid.is



Saga Sigurðardóttir og Ellen Loftsdóttir sjá um stílista- og ljósmyndanám skeið að vegum Reykjavík Fashion Academy sem hefjast í lok september.

MYND/SAGA SIG

Reynslumiklar

SAGA: Lærði tískuljósmyndun í London College of Fashion og hefur síðastiðin ár unnið í London sem tísku- og auglýsingaljósmyndari fyrir fyrirtæki eins og Topshop, Nike og Burberry og myndad fyrir blöð eins og Dazed & Confused, Harper's Bazaar og Nylon. Hún hefur líka verið að mynda fyrir tónlistarmenn eins og M.I.A. og tónleika fyrir Björk. Fyrir á árinu var hún valin af hinum virta myndavélaframleidanda Leica til þess að taka þátt í sýningu í nýjum höfuðstöðvum þeirra sem var mikill heiður.

ELLEN: Lærði tískumarkaðsfræði í London College of Fashion og að námi loknu byrjaði hún að vinna fyrir einn fremsa stílista Bretta þar sem hún vann fyrir blöð á borð við ameríkska Vogue, Teen Vogue, Another Magazine. Einnig vann hún með hljómsveitinni Coldplay í að skapa og halda utan um heildarútlit hljómsveitarinnar. Siðan þá hefur hún unnið sjálfstætt sem búningahönnuður fyrir bíó og leikhús, auglýsingar, tískusýningar ásamt því að starfa mikið innan tískugeirans bæði hér og erlendis. Hún hefur unnið fyrir blöð eins og I-D Magazine, ELLE og Euroman.

SIGURBOGINN



NÝJAR VÖRUR FRÁ OLSEN

SIGURBOGINN
SÍMFYLGIÐ TÍSKU- OG LJÓSMYNDAR

LAUGAVEFÐIÐ ■ TEL: 591 1330 ■ WWW.SIGURBOGINN.IS

LÍFIÐ MÆLIR MED


Reykjavík Dance Festival, leiklistarhátiðinni Lókal og Íslandsmeistaramótinu í spuna sem verður um helgina.

Það er margt um að vera á leiklistarhátiðinni **Lókal** og má þar nefna I Am My City eftir Aude Busson sem sýnt er í Hörpú klukkan 2 í dag, sýningu Óskabarna ógæfunnar, Bláskjá eftir Tyrfing Tyrfingsson í Borgarleikhúsini á sunnudaginn klukkan 4 og sýningu Kviss búmm bang, Flækjur/Hospice, í Borgarleikhúsini klukkan 6.

Þá er fjöldinn allur af sýningum á hinu árlega **Reykjavík Dance Festival**. Meðal annarra áhugaverðra sýninga er Okkar á milli eftir Ásgeir Helga Magnússon og Ingu Maren Rúnarsdóttir á laugardaginn klukkan 6 í Hafnarhúsinu og sýningu Ragnheiðar Maísólar Sturludóttur, Praise II, á laugardaginn klukkan tvö í Laugardalslaug. Þá er úrslitakeppnin í **Íslandsmeistaramótinu í spuna** heldin á laugardagskvöldið klukkan 8 í Frystiklefum á Hellissandi.



Ragnheiður Maísól



Í Hafnarhúsinu

AUGNA-BLIKID



Leikkonan **Taylor Schilling** var ótvíræð stjarna rauða dregilsins á Emmy-verðlaunahátiðinni sem fór fram í býrjun vikunrar. Schilling var tilnefnd fyrir hlutverk sitt í þáttunum vinsælu Orange Is the New Black. Hún tók sig vel út í ljósum kjól sem var þakinn steinum og pallflettum úr smíðju Zuhair Murad. Einfaldur og látlaus í sniðinu sem fór leikkonunni vel. Takið eftir húðflúrinu á hliðinni sem setti töffaralegan svip á heildarútlitið.

Lífið
www.visir.is/lifid

ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf., Skáftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000

Ritsjórnarfulltrúi Álfrun Pálsdóttir alfrun@frettabladid.is • Auglýsingar Atli Bergmann atlif@365.is
Honnum Silja Ástþórssdóttir silja@frettabladid.is • Forsíðumynd Valgarður Gíslason • Aðstoðarmaður 1 Sigmar L. Björnsson • Aðstoðarmaður 2 Unnar H. Danielsson Beck • Hár Lovísa Sigurðardóttir • Förðun Ásta hjá MAC

FINNST ÞAÐ BESTA FYRIR ÞÍNA HÚÐ Í OLÍU?

BECAUSE YOU'RE WORTH IT.

NUTRI GOLD

NÆRING, PRÓTTUR, LJÓMI

- VEITIR HÚÐINNI NÆRINGU
- GEFUR FRÍSKANDI LJÓMA
- LÉTT OG FLAUELSMJÚK ÁFERÐ

Ytri áhrif og sífelldar veðrabreytingar í okkar norræna veðurfari geta verið þess valdandi að húðin virkar stíf og þurr. Þess vegna hefur L'Oréal skapað nýju Nutri Gold línuna með einstaklega endurnærandi jurtaolíum. Fullkomin húðumhirða, sem gefur þér flauelsmjúka húð sem geislar af þrótti.

NUTRI GOLD EXTRAORDINARY FACE OIL
3 dropar kvölds eða morgna ein og sér eða áður en þú berð á þig dagkrem. Olían smýgur létt inn í húðina án þess að skilja eftir sig fitutilfinningu og húð þín fær ljóma og öfluga næringu.

NUTRI GOLD OIL-CREAM
Inniheldur örsmáa einangraða dropa af olíu, sem bráðna á húðinni. Kremið gefur ríkulega næringu og raka allan daginn.

Dekraðu við húðina með einstakri húðumhirðulínu.



L'ORÉAL
PARIS

HEILSA BYGGJA UPP KONUNA FYRIR FÆÐINGU

Jóga-og heilsustöðin Andartak ætlað í fyrsta sinn á Íslandi að standa fyrir kennaranámi í meðgöngujóga. Guðrún Darshan er einn af kennurunum en hún segir námið byggd upp sem ferðalag móðurinnar, sem hefst við getnað og lýkur 40 dögum eftir fæðingu.

Jóga er orðið venjulegt hugtak á Íslandi sem er ánægjulegt. Flestir hafa stundað, eða þekkja einhvern sem stundar, jóga, "segir Guðrún Darshan jógakennari en í fyrsta sinn á Íslandi ætlað Jóga- og heilsustöðin Andartak að bjóða upp á kennaranám í meðgöngujóga.

Meðgöngujóga er vinsælt meðal barnshafandi kvenna en námskeiðið verður byggd upp sem ferðalag móðurinnar, frá getnaði til 40 dögum eftir fæðingu.

"Verið er að kenna konum að tengja við líkama sinn, vera meðvitnunar um eigin styrk og nota hann í fæðingunni. Fara inn í sársaukann og anda. Einnig erum við að fjalla um manneskjuna í tengslum við betta andlega ferðalag í kringum barnsburð. Eins og til dæmis sam-skipti kynjanna sem er mikilvægt og að finna kyrrðina," segir Guðrún og segir jóga öfluga leið til að undirbúa konu fyrir fæðinguna sjálfa.

„Eitt af markmiðum með meðgöngujóga er að gera fæðinguna að einhverju til að hlakka til frekar en að kviða.“

Námskeiðin eru fyrst og fremst ætluð til að undirbúa nemendur með þekkingu og tækní sem auðveldar þeim að kenna barnshafandi konum kundalini-jóga og hugleiðslu. Guðrún segist finna fyrir miklu áhuga á náminu en jóga og hugleiðsla á meðgöngu getur haft áhrif á móður sem barn.

„Ég vil meina að jóga sé einnig holtt til að byggja mæður upp andlega í kringum barnsburð en rannsóknir sýna að jóga getur líka haft áhrif á barnið, og tengsl móður og barns. Margar konur glíma til dæmis við lágt sjálfsmat meðan á meðgöngu stendur og jóga og hugleiðsla getur hjálpað við það. Það má því segja að jóga sé grunnur að betra samfélagi.“

Fæðingarferlið, frelsið og foreldrahlutverkið

NÁMINU er skipt í 6 hluta – alls 12 dagar, 16 tímar hver hluti. Þessir 12 dagar dreifast á fjóra mánuði og kennt er ýmist tvö eða fjóra daga í senn. Samtals eru þetta 96 klst. í kennslu.

1 Lagt af stað í ferðalag. Meðvituð sambönd, kynlíf, mánahringurinn, frjósemi, lífsstíl, getnaður, fóstur, bæn móðurinnar, ferðalag sálarinnar, mataræði, jóga og hugleiðsla. Þessi hluti er mjög gagnlegur fyrir pör og verðandi foreldra.

2 Jóga á meðgöngu. Líffæra- og lífeðlisfræði á meðgöngu, breytingar á þrem

tímabilum meðgöngunnar, kundalini-jógaæfingar og kríur, jógastöður og valmöguleikar, forgangsröðun, minniháttar kvíllar og ráð við þeim, hugleiðslutækni. Þetta er eini skylduhlutinn og nýtist mjög vel þeim sem eru þegar að kenna kundalini-jóga

3 Fæðingarferlið. Undirbúningur, stig hríða, öndunin, að vinna með „sársauka“, stuðningur, að auðvelda fæðingarferlið, andlegar hindranir, að standa öldurnar, læknisfræðileg inngríp, óvæntar uppákomur, fæðing sem vígsluathöfn. Helgihafnar og fæðing. Keisaraskurður sem efl-

andi upplifun. Þessi hluti hjálpar til við að undirbúa foreldra fyrir fæðingarferlið.

4 Eftir barnsburð. 40 daga tímabil eftir fæðingu, nýtt upphaf – víglutími móðurinnar, áskoranir, tilfinningar til nýburans, að jafna sig eftir keisaraskurð, líkaminn í eðlilegt form, brjóstagjöf, að þiggja hjálþ, þunglyndi, að hlúa að móðurinni, hvaða æfingar og hvenær. Þetta er býðing-armesta tímabilid og fullt af töfrum.

5 Forysta og frelsi fyrir konur. Að taka þátt og styrkja félagsskap kvenna, víska tíðahringsins, hugleiðslutækni til að

styrkja eigin staðfestu, hverjar erum við sem einstaklingar? Skuggavinna og að vaxa í styrk, konur og kraftur helgiathafna. Þessi hluti er mikilvægur hverri konu sem hefur lönugun til að styrkja óðra.

6 Meðvitað foreldrahlutverk. Frumbernska og áfram. Fjölskyldunæringer, virðingarfull samskipti, afbryðisemi systkina, ást og umhyggja, samskiptafærni, fjölskyldukarma, jóga fyrir börn. Hvernig við styrkjum börn og erum í góðum samskiptum við þau.

Nánari upplýsingar má finna á Andartak.is

Purrir fætur og sigg?

Lausnin er fótamaski sem endurnýjar húðina

WOW!

IROHA

10 SPURNINGAR ÆTLAÐI AÐ VERÐA SÖNGSTJARNA


EVA LAUFÉY KJARAN HERMANNS-DÓTTIR, SJÓNVARPSKOKKUR, RITHÖFUNDUR OG BLOGGARI

1. **Þegar ég var lítil hélt ég að** ég myndi verða söngstjarna eftir eitt námskeið í söngskóla Siggu Beinteins
2. **Núna veit ég þó að svo verður ekki.**
3. **Ég mun eflaust aldrei skilja strið.**
4. **Ég hef engan sérstakan áhuga á** leiðindum og neikvæðni. Það margborrar sig að einbeita sér að því góða í lífinu.
5. **Karlmann eru eins misjafnir og þeir eru margir.** Alveg eins og við konur.
6. **Ég hef lært að** maður á alls ekki að gefast upp á því sem maður trúir á.
7. **Ég fæ samviskubit þegar ég** gleymi að hringja til baka þegar ég missi af símtölum eða þegar ég gleymi að svara tölvupósti.
8. **Ég slekk á sjónvarpinu þegar** við förum að sofa. Ég er vanalega með kveikt á sjónvarpinu yfir daginn þar sem ég á ekki útvarp; þá finnst mér notalegt að hlusta á útvarpíð í sjónvarpinu. Það er svo agalega notalegt að hlusta á tónlist á meðan við Ingibjörg Rósu dóttir míni dúllumst hér heima við á daginn.
9. **Um þessar mundir er ég** upptekin af dóttir minni, Ingibjörgu Rósu, sem er sjö vikna.
10. **Ég vildi óska að** fleiri vissu af mikilvægi þess að koma fram við aðra eins og við viljum að aðrir komi fram við okkur sjálf.






Södd og sátt án kolvetna 3.490



Út að hlaupa 3.490




Átta gönguleiðir í nágrenni Reykjavíkur 2.990

Opið frá 9-22




Sköpunarkjarkur 3.490




Shoetopia: Contemporary Footwear 6.995




India Cookbook 7.995



Photography Today 14.995




Atlas of Human Anatomy & Surgery 10.995




Olives, Lemons & Za'atar 5.995




Out of the Blue: On Finnish Design 7.995




The Chamber of Curiosity 9.995



Art & Today 8.995



Jerusalem 6.995



Andy Warhol Giant Size 7.995



The French Laundry Cookbook 8.995

Lækjargata 2a og Vesturgata 2a 101 Reykjavík

Okkur var spáð premur mánuðum saman. Hann var aðeins eldri en ég og ég var fjórða eiginkona hans. Hann á dóttur sem er á svipuðum aldri og ég þannig að þetta var auðvitað svoltið sérstakt. Ef ég hefði ekki verið svona brjálæðislega ástfangin af honum hefði ég örugglega ekki valið þessa leið.



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

MAGRÉT HRAFNSDÓTTIR EKKI Í PESSIONU FYRIR GLAMÚR

Kvikmyndaframleiðandinn Margrét Hrafnsdóttir flutti til Los Angeles með eiginmanni sínum, Jóni Óttari Ragnarssyni, snemma á tíunda áratug síðustu aldar. Nú, rúmum tveimur áratugum seinna, eru þau hjónin orðin vint i kvikmyndabransanum þar ytra og nóg í bípunum.

Lilja Katrín Gunnarsdóttir

liljakatrin@frettabladid.is

Eg held að í dag sé ég orðin óttalaus. Ég var það ekki. En ég held að ég sé orðin það eftir þessa göngu sem ég hef gengið til að komast á þann stað sem ég er á í dag. Til þess hef ég þurft að leggja mikil ó mig. Gríðarlega miklar fórnir. Miklu meira en fólk heldur,“ segir kvikmyndaframleiðandinn Margrét Hrafnsdóttir. Hún flutti ásamt

eiginmanni sínum, Jóni Óttari Ragnarssyni, vestur um haf árið 1992. Þar starfaðkja þau framleiðslufyrirtækið Othar Raven Pictures og lifa og hrærast í heimi kvikmynda og sjónvarps meðal stórvítjarna.

Brjálæðislega ástfangin

Magrét kynntist Jóni Óttari þegar hún var nítján ára. Þá var hann 44 ára, 25 árum eldri en hún.

„Okkur var spáð premur mánuðum saman. Hann var aðeins eldri en ég og ég var fjórða eiginkona

hans. Hann á dóttur sem er á svipuðum aldri og ég þannig að þetta var auðvitað svoltið sérstakt. Ef ég hefði ekki verið svona brjálæðislega ástfangin af honum hefði ég örugglega ekki valið þessa leið. En ég var brjálæðislega ástfangin af honum og það yfirvinnur allar hindranir,“ segir Margrét. En er hún enn jafn brjálæðislega ástfangin af honum?

„Það kemur og fer,“ segir hún brosandi.

„Maður þarf að huga að ástinni. Hann er ástин í lífi mínu en maður þarf að hafa fyrir því að vera ástfanginn. En bessi ást og kærleikur til hans er alltaf til staðar,“ segir Margrét. Þau Jón Óttar giftu sig í Palm Springs árið 1996 en einu gestirnir voru presturinn og kona hans. Þau ákváðu strax að gifta sig aftur seinna á lífsleiðinni og hafa það þá almennilegt. Það gerðu þau svo sannarlega í desember á síðasta ári hér á Íslandi.

„Við kölluðum það óð til ástarinnar. Það var virkilega dásamleg stund með fjölskyldu og vinum.“

Kynlíf stórlægla ofmetið

Magrét segir lykilinn að því að hjónabond þeirra haldi sé að þau trúi hvort öðru fyrir flestu.

„Hjónabond er fallvalt. Það þarf að passa upp á það og ég er mjög meðvituð um það. Við reynum að fara á deitkvöld en það er erfitt þegar er mikil að gera. Þegar við erum farin að rifast og samskipti orðin þyngri minnum við okkur á að við höfum ekki tekið neinn tíma frá fyrir hvort annað. Þá fer fólk stundum að horfa eitthvað annað sem er bara eðlilegt. Það er mannum eðlilegt að leita að væntumbykju og athygli. Þegar við förum á deit tólm við ekki um neitt leiðinlegt. Í tilhugalífinu tólm við nefnilega ekkert um það leiðinlegt. Maður sýnir sparlíðina, er sexí og fyndinn og vandar sig. Svo breytist það. Það er skiljanlegt að svona mörg hjónabond endi, af því að við gleymum þessu. Það er ekki gott,“ segir Margrét.

„Kynlíf er stórlægla ofmetið. Það

er æðislegt og rosalega dýrmætt en ég held að heimurinn sé „over sexed“. Unga kynslóðin er með algjörar ranghugmyndir um kynlíf og ungar konur bednar um að koma fram klæddar nánast eins og vændiskonur. Þetta eru fullkomlega óeðlilegar kröfur.“

Fleiri börn ekki út úr myndinni

Eins og fyrr segir á Jón Óttar dóttur á svipuðu reki og Margrét og barnabörnin eru orðin tvö en þau hjónin eiga einnig einn son saman, Ragnar, sem er 22 ára og stundar nám við Brown-háskólann í Bandaríkjunum. En var ekki inni í myndinni að eignast fleiri börn?

„Eftir að Nicole Kidman eignaðist seinna barnið sitt kviknaði sú hugmynd innra með mér að eignast barn með hjálp staðgöngumóður. Ég ætla ekki að útiloka þann möguleika og við höfum rætt hann. Ég hef líka velt því fyrir mér að ættileiða barn því það er fullt af börnum sem þurfa góð heimili.“

Elton John meðal kúnna

Magrét stundaði nám í kvikmyndagerð í Columbia College í Los Angeles þegar þau flutti til Bandaríkjanna í byrjun tíunda áratugar síðustu aldar og Jón Óttar lærði handritagerð. Á meðan á náminu stóð keyptu þau vídeóleiguna Rocket Video í félagi við annan sem þau ráku í fjölda ára.

„Þetta var leigan sem allur bransinn leigði hjá; leikrar, leikstjórar, framleidendur, fyrirtæki. Elton John var einn af okkar stærstu kúnnum. Þegar heimurinn breyttist og þessar hefðibundnu myndbandaleigur byrjuðu að lognast út af gáfum við Louis B. Mayer-safnini ú AFI myndbandsafnið,“ segir Margrét. Þættirnir eru teknir upp bæði á íslensku og ensku.

„Erlendir dreifingardilar hafa sýnt þáttunum áhuga og finnst „formatið“ spennandi. Það getur farið viða.“

„Í þessum þáttum ferðast Jón Óttar um landið á staði sem eru ekki þessir hefðibundnu ferðamannastaðir og vekur athygli Íslendinga og útlendinga á þessum mögnumi perlum um allt land. Á þessum slóðum er farið yfir söguna og sérfraeðingar fengir til liðs. Í för með Jóni Óttari slást ferðafelagar eins og Eiður Smári, Magnús Scheving, Eivör, Yoko Ono, Þorvaldur Davíð og fleiri. Snillingurinn Högni Egilsson semur svo tónlistina,“ segir Margrét. Þættirnir eru teknir upp

bæði á íslensku og ensku.

„Erlendir dreifingardilar hafa sýnt þáttunum áhuga og finnst „formatið“ spennandi. Það getur farið viða.“

Nágrannar Bills Gates

Magrét er þakklátt fyrir það líf sem hún lifir nú bó hún telji það ekki einkennast af lúxus, eins og margir myndu halda. „Eg held að við séum mjög jarð-

IDA-bókakaffi Vesturgata 2a 101 Rvk.
opíð til 22 alla daga.

Ráðstefnur

&veislupbjónusta



Sérútbúnir fundarsalir

Hótel Örk í Hveragerði býður upp á góða aðstöðu fyrir ýmiss konar ráðstefnur og fundi. **SÍÐA 4**

Úrvals veitingar í aldarfjórðung

Veislupbjónustan Veislan hefur starfað í rúman aldarfjórðung. Hún bíður á heilda lausnir fyrir allar veislur. **SÍÐA 6**

Bjartur og fagur veislusalur

Á efri hæð Sólons Bístró er glæsilegur veislusalur sem er leigður út með veitingum. **SÍÐA 8**

Verðmætir ráðstefnugestir

Sífellt fleiri erlend fyrirtæki skipuleggja fundi og ráðstefnur á Íslandi. Mikill vöxtur hefur verið undanfarin ár í þessari grein. Höfuðborgarsvæðið er vel samkeppnishæft við aðrar erlendar borgir enda er hér hátt þjónustustig, fjölbreytt afþreying í boði og falleg náttúra.

Sífellt færst meira í vöxt að erlend fyrirtæki og samtök halda ráðstefnur og sýningar hér á landi. Þegar tölur yfir erlenda ferðamenn árin 2011-2013 eru skoðaðar sést að þeir ferðamenn sem hingað koma vegna ráðstefna, hvataferða, funda og sýninga eru um 9,2% af heildarfjölda erlendra ferðamanna. Sambærilegar tölur fyrir allan heiminn eru 6% að sögn Brynju Laxdal, markaðsstjóra Meet in Reykjavík, sem sérhæfir sig í markaðssetningu innan pessa markaðar. „Vöxtur í þessum geira ferðajónustunnar hérlandis hefur verið mjög mikill undanfarin á eins og raunar með almenna ferðamannamarkaðinn. Hér hefur þessi svokallaði MICE-markaður (e. meetings, incentives, conferences, events/exhibitions) vaxið um 18% árin 2011-2013 en aðeins 5,4% í Evrópu. Tækifærin eru því mörg en um leið verðum við að gæta okkar að missa ekki fótanna í þeim uppgangi sem verið hefur og standa vörð um langtímastefnu á þessum markaði.“

Verðmætur hópur

Sé eingöngu horft á ráðstefnumarkaðinn hefur alþjóðlegum ráðstefnum árin 2011-2013 fjölgæð um 15% en alþjóðlegum ráðstefnugestum um 39%. „Það er óhætt að segja

að með tilkomu Hörpu hafi landslagið fyrir alþjóðlegar ráðstefnur breyst mikið. Nýting Hörpu undir ráðstefnuhald hefur aukist mjög mikið síðustu árin og er í dag sambærileg við stóru ráðstefnuhúsín í Evrópu, þrátt fyrir að húsið hafi ekki verið opnað fyrr en árið 2011.“ Flestir ráðstefnugesta koma frá Norðurlöndunum, öðrum Evróplöndum og Norður-Ameríku að sögn Brynju. „Ráðstefnurnar eru mjög fjölbreyttar og þar kennir ýmissa grasa. Meðal fyrirferðameiri atvinnugreina má nefna orku- og jarðvarmageirann, heilbrigðisgeirann, fjármálageirann og menntageirann. Þá eru skipuleggjendur kvennaráðstefna farnir að horfa meira til okkar enda staða íslenskra kvenna til fyrirmynadar miðað við mörg lönd.“

Rannsóknir bæði erlendis og hérlandis sýna að kauphegðun þessa hóps skapar þjóðfélaginu mun meiri gjaldeyristekjur en hinn hefðbundni ferðamaður. „Áætla má að hver gistiðott MICE-ferðamanns árið 2013 hafi skilað um 63% hærri gjaldeyristekjum í þjóðarbúið en gistiðott hjá meðalferðamanni.“ Þeir dvelja auk þess lengur en hefðbundnir ferðamenn og 68% þeirra koma hingað til lands utan háannatíma. „Það er einnig áhuga-verð staðreynd að fylgdarlið ráð-



stefnu- og viðburðagesta er frekjar fjölmennit hér á landi og áætlað er að 25% ráðstefnugesta taki fjölskyldu eða vin með sér hingað.“

Vel samkeppnishæf


Að sögn Brynju státa Reykjavík og nágrannasveitarfélög af aðstöðu sem er samkeppnishæf við aðrar nálægar borgir sem vinna að því

á markaðssetja sig sem ráðstefnu- og viðburðaborgir. „Auk þess býður höfuðborgarsvæðið upp á stuttar vegalengdir innan svæðisins, hátt þjónustustig, fjölbreytta afþreyingu og óviðjafnanlega náttúru rétt utan við borgina. Enn sem komið er býr Ísland enn að því að vera á „gortlista“ margra sem eykur enn frekar að aðráttarfl landsins sem

ráðstefnu- og viðburðalands.“

Brynja segir náttúru, menningu og mannlíf vera auðlindir okkar og Reykjavíkursvæðið sé sérstök blanda af innviðum sem standast alþjóðlegan samanburð sem og sveitarómantík. „Auk þessara auðlinda er það mat margra að auðlindir landsins séu líka hið einstaka andrými, gestrisni íbúa og kyrrðin.“

Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlið 24, s. 512 5000 Umsjónarmenn auglýsinga: Kolbeinn Kolbeinsson, kkolbeins@365.is, s. 512- 5447 Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal.



Hótel Hekla státar af óviðjafnanlegri staðsetningu og leggur áherslu á góða þjónustu og vinalegt viðmóti

Hótel Hekla er eitt af bestu sveitahótelum landsins, staðsett í hinum fallega og friðsæla Skeiða- og Gnúpverjahreppi, og er aðeins innan við klukkustundar akstur frá Reykjavík. Undanfarin tvö ár hefur hótelid tekið stakkaskiptum með nýjum herbergjum, endurnýjun á veitingasal, setustofu og útibaðaðstöðu.

Hótelid hefur ávallt verið vinsæll staður fyrir fundi og ráðstefnur, hvort sem um er ræða litla eða stóra vinnufundi, innlendar eða alþjóðlegar ráðstefnur því afslappað og fallegt umhverfið, fjarri truflun og skarkala hentar einstaklega vel. Ráðstefnusalarinn tekur 60 manns í sæti og veitingasalurinn getur tekið 100 manns.

Hótelid stendur á 14 hektara landsvæði og góð aðstaða er fyrir hvers konar hópefli og stutt að fara á söguslóðir, upplifa náttúruperlur og fjölbreytta afþreyingu.

Við hótelid er ný útibaðaðstaða með tveimur stórum heitum pottum, eimbaði, kynjaskiptum búningsklefum og salerni. Hvað er dásamlegra en að láta líða úr sér í pottum, horfa til himins og njóta sveitakyrrðarinnar?

Á hótelinu eru 47 vel útbúin og rúmgóð herbergi og hafa tuttugu þeirra verið fallega endurnýjuð. Meðal nýrra herbergja eru glæsilegar loftsvítur og stórar fjölskyldusvítur. Öll herbergin eru með sjónvarpi tengdu gervinhattadiski, hárþurrku og háhraðaneti. Öll herbergin eru reyklaus og háhraðanet er á öllu hótelinu.

Veitingasalurinn er nýlega endurnýjaður þar sem áhersla var lögð á notalegt andrúmsloft, fallega liti og íslenska hönnun. Útsýnið er einstakt með dásamlegrí jöklar- og fjallasýn. Matreiðslumeistarar okkar hafa fengið mikið lof enda elda þeir aðeins úr ferskasta hráefni dagsins og nota sem mest vörur úr héraði. Brauð og bakkelsi er allt bakað á staðnum. Hægt er að panta sérstaklega fyrir þá sem eru með matarópol.

Á barnum er alltaf notalegt að sitja, þar er arinn og bækur til að blaða í og svo eru þjónarir flinkir að útbúa kokteila! Út frá barnum eru svalir þar sem gestir geta notið þess að horfa á fjallahrínginn og hlusta á kyrrðina.

Hin einstaka staðsetning okkar sem og öll aðstaða, góð herbergi, fallegur og framúrskarandi veitingastaður - hentar sérstaklega vel fyrir ráðstefnur, fundi, árshátiðir, og önnur fagnaðarefni, og gerir viðburðinn þinn ógleymanlegan.

Kynntu þér málið í síma 486-5540 eða sendu póst á info@hotelhekla.is.



www.hotelhekla.is - info@hotelhekla.is

- Eitt besta sveitahótel landsins
- 47 vel útbúin og rúmgóð herbergi
- Loftsvítur og fjölskyldusvítur
- Fundarsalur fyrir 60 manns
- Árshátiðir og stórafmæli
- Góður tæknibúnaður
- Sérsniðin þjónusta fyrir viðburð
- Kósý setustofa með arni
- Veitingasalur tekur 100 manns
- Framúrskarandi veitingastaður
- Eldað úr ferskasta hráefninu
- Heitir pottar og eimbað
- Frábær staðsetning





Vox Lounge er nýtt og glæsilegt rými á jarðhæð hótelsins.

Spennandi nýjungar á Hilton

Mikið úrval veislu- og fundarsala má finna á Hilton Reykjavík Nordica sem er eitt glæsilegasta ráðstefnuhótel landsins. Miklar endurbætur hafa staðið yfir undanfarið sem miða að því að bjóða enn betri bjónustu og svara breyttum börfum markaðarins.

Hilton Reykjavík Nordica er eitt glæsilegasta ráðstefnu-hótel landsins enda stendur það miðsvæðis í Reykjavík og er rómað fyrir gæði og glæsileika. Í hótelinu eru þrettán veislur og fundarsalir og tæplega 250 herbergi sem nýtast jafnt innlendum sem erlendum gestum. Undanfarin misseri hafa staðið yfir veigamiklar endurbætur á hótelinu og fékk það meðal annars fegrunar- viðurkenningu frá Reykjavíkurborg fyrir fallega og vel heppnaða endurgerð á lóð hótelins. Að sögn Anítu Ólafsdóttur, ráðstefnu- og viðburðastjóra Hilton Reykjavík Nordica, er lögð áhersla á fram-sækna þjónustu og taka breytingar og endurbætur mið af því. „Við viljum klárlega vera leiðandi á markaðnum og bjóða viðskiptavinum okkar spennandi nýjungar, hvort sem um ræðir upplifun gesta af veitingum, þjónustu eða þeirri umgjörð sem við bjóðum upp á þegar kemur að funda- og veislusöldum“

Breyttar barfir

Hún segir þær breytingar sem nú standa yfir ekki bara miðast við endurbætur á fundarsölum heldur sé um leið verið að velta fyrir sér framtíðarþörfum fundargesta. „Við finnum fyrir auknum umsvifum frá skapandi greinum auk þess sem atvinnulífið í heild keppist við að hugsa út fyrir boxið. Fundarsalirnir okkar þurfa að endurspeglar þessar óskir og þjónustan sömu-leiðis. Við bjóðum til dæmis sal sem þjónustar sérstaklega þá sem vilja skemmtilega og skapandi umgjörð en eru ekki að leita að hefðbundnum fundarsal.“ Aníta segir að salinn taka mið af garðstemningu enda er bein tenging við verönd úr salnum. „Hér sitja gestir á upphækkuðum pöllum og þeir sem vilja geta tyllt sér í rólur sem hanga úr loftunum. Salurinn

er hannaður með tilliti til þess
að krydda hefðbundna fundi og
skapa létt andrúmsloft. Salurinn
hentar þó líka fyrir minni móttökur
og viðburði af ýmsu tagi.“
Auk þessa hafa allir fundar- og
veislusalar hótelsins verið
endurbættir og skart-
ar nú hver og einn
salur ákvæð-
inni sérstöðu
með vísun í ís-
lenska nátt-
ú-



Að auki eru tvær nýjar veislu- og fundaraðstöður á hótelinu; Vox Club og Vox Lounge sem henta fyrir hvers kyns mannafagnaði en einnig sem skemmtileg viðbót við aðalveislusálag hótelins.

Stærri viðburðir

Með tilkomu þessarar viðbótar við aðstöðu á jarðhæð hótelsins og þeirra breytinga sem ráðist var í þar fyrr á árinu getur nú hótelio þjónustað stórviðburði og ársháttíðir fyrir allt að 2.000 manns. „Hingað til hafa ekki margir staðir komið til greina fyrir viðburði af þessu tagi og oftar en ekki þarf að ráðast í kostnaðarsaman undirbúnung við að breyta til dæmis íþróttasölum í veislusali. Sú vinna felur í sér að það þarf að skapa alla umgjörð frá grunni; peppaleggja, koma með húsgögnum, eldhús og allt sem þarf. Við erum stolt af því að geta boðið þessa einstöku nýjung á íslenskum við-

burðamarkaði. Hér er allt til alls og matreiðslumenn hússins eru bekktir fyrir vandaðar veitingar sem alltaf hitta í mark. Ekki spillir fyrir að hægt er að bjóða dagskrá á allt að fimm mismunandi svíðum eftir því hverjar þarfirnar eru hverju sinni.“

Aníta segir einnig að áhugi fyrirtækja á standandi árshátiðum hafi aukist mjög á síðustu árum enda býður slíkt fyrirkomulag upp á miklu meiri fjölbreytni í matargerð sem og fjölbreyttari skemmtidagskrá og því líklegra að viðburðurinn hitti í mark hiá stórum hópi.

A hótelinu fara einnig fram fjölmargir viðburðir allt árið um kring því ásamt því að þjónusta litlara sem stórar árshátfíðir eru haldnar móttökur, hvers kyns fyrirtækjafagnaðir, afmæli og brúðkaup.

Jólavertíðin fram undan

Fram undan er annasamur tími í ráðstefnu- og viðburðahaldi og að sögn Anítu er jólaundirbúningur kominn á fullt á Hilton. „Fyrstu fyrirspurnir um jólahlaðborðin bárust okkur í sumar enda er best að bóka í tíma. Við brjótum aðeins upp hefðir hjá okkur og bjóðum gestum okkar í sannkallaða jóladýrð á Hilton þar sem fléttast saman ævintýraleg jólaumgjörð, allt það besta úr eldhúsi meistaranna og að sjálfsögðu einstök skemmtidagskrá.“ Jógvan Hansen, Erna Hrönn og Pálmi Sigurhjartarson sjá um skemmtidagskrá og dansleik að loknu bordhaldi á þessum kvöldum. Jóladýrðin á Hilton hefst þann 14. nóvember næstkomandi.

Að auki verður boðið upp á skemmtilega nýjung á VOX Club en þar verður jólagleg partístemning með léttum veitingum og allt annari stemningu en í hefðbundnu jólahlaðborði.

Allar nánari upplýsingar á
www.hiltonreykjavik.com/is.



Vox Club er nýr og glæsi-legur veislusalar á jardhæð hóttelsins sem hentar vel fyrir hádegisverðarfundi, móttökur og hvers kyns viðburði.



Glæsilegar ráðstefnuhallir

Ráðstefnu- og fundarsalir eru sjaldnast tengdir glæsi- og mikilfengleika. Víða um heim finnast þó glæsihallir og listaverk í arkítektúr sem einmitt hafa verið hönnuð sérstaklega undir ráðstefnur og fundi. Íslendingar eiga hina óviðjafnanlegu Hörpu og hér fyrir neðan má finna nokkrar ráðstefnuhallir um víðan heim sem margar hverjar eru helstu kennimerki borga sinna.



Alþjóðlega ráðstefnumiðstöðin í Dalian í Kína

Ráðstefnumiðstöðin í Dalian er framræstlega bygging. Hönnuðir hennar eru arkitektar frá ástríalsku arkitektastofunni Coop Himmelb(l)au.

Í húsinu er ópera og gríðarstórir sýningarsalir.

Byggingin sem stendur við höfnina í Dalian var kláruð 2012. Hún er orðin eitt af helstu kennileitum borgarinnar enda vekur snúin stálbyggingin hvarvetna athygli.

Coop Himmelb(l)au hannaði bygginguna sem snúinn massa úr stáli og steypu. Yfirborðið er gárað og sumstaðar eru op líkt og tálkn á gildum fiski. Gluggar eru inni í tálknum sem hleypa náttúrulegri birtu inn í bygginguna.

Skipasmiðir hjálpuðu til við byggingu hússins enda þurfti kunnáttu til að beygja gríðarmiklar stálplötunar sem notaðar voru í ytra byrði hússins.



Wujin Lotus-ráðstefnumiðstöðin í Kína

Þessi afar sérstæða bygging er hönnuð af studio505-arkitektastofunni í Ástralíu að beiðni borgarstjórnarinnar í Wujin-borg.

Verkefnið folst í að byggja ofan á tveggja hæða neðanjarðarbyggingu sem þegar var til staðar en yfir henni var manngerð tjörn. Arkitektarnir ákváðu að móta nýju bygginguna í formi lótusblóma á þremur vaxtarstigum sem speglast í vatninu á góð-viðrisdögum.



Alþjóðlega ráðstefnumiðstöðin í Katar


Ráðstefnumiðstöðin er sérstök fyrir þær sakir að þar er notuð nýjasta tækni til að gera hana sem umhverfisvænsta.

Byggingin, sem kostaði 720 milljónir dala, var tilbúin 2011 en hún stendur í Gharafat al Rayyan í Doa í Katar.

Hin umhverfisvæna tækni gerir bygginguna um það bil 32 prósentum skilvirkari en svipaðar byggingar.

Til dæmis sjá 3.500 fermetrar af sólarhlöðum byggingunni fyrir 12,5 prósentum af orkunni sem hún þarf. Sýningarsalir eru útbúnir orkusparandi LED-lýsingum.

Byggingin hlaut verðlaun í fyrra sem besti viðburðastaður í Miðausturlöndum.



Alþjóðlega ráðstefnumiðstöðin í Sjanghai

Ráðstefnumiðstöðin, sem var opnuð 1999, samanstendur af stóri fremur klassískri byggingu en til hvorras hliðar eru tvær risastórar kúlur. Stærri kúlan er 52 metrar á hæð en minni kúlan er 38 metra há. Glerflötum kúlnanna er raðað saman til að líkja eftir heimskorti.

Miðstöðin er í hjarta Lujiazui, fjármálahverfis Sjanghai, og stendur við Huangpu-ána, næri austurlensku perlunni sem er sjónvarps-tuninn þar í borg.



Heydar Aliyev-miðstöðin

Íraski arkitektinn Zaha Hadid hannaði Heydar Aliyev-miðstöðina og hlaut fyrir verðlaunin „hönnun ársins 2014“ sem veitt voru af Hönnunarsafni Lundúna.

Byggingin rís eins og alda upp úr landsvæðinu en miðstöðin stendur miðsvæðis í Bakú, höfuðborg Aserbaidsjans.

Heydar Aliyev-miðstöðin er fyrst og fremst menningarmiðstöð sem ætlað er að hýsa sýningar, tónleika og aðra menningarvirðiburði.

Byggingin er nefnd í höfuðið á Heydar Aliyev sem var leiðtogi í Aserbaidsjan 1969 til 1982 þegar Sovétmenn réðu þar ríkjum. Hann var forseti landsins frá 1993 til 2003.

Í bægilegri fjarlægð frá höfuðborginni

Hótel Örk í Hveragerði býður upp á góða aðstöðu fyrir stærri sem minni fundi og ráðstefnur. „Hér erum við með fjölda sérútbúinna fundarsala,“ segir Jakob Arnarson, hótelstjóri og yfirmatreiðslumaður.

„Við lítum á nálægðina við Reykjavík sem ótvíraðan kost. Fólk getur farið út fyrir bæinn og komist í friðinn án þess að fara langan veg,“ segir hann.

Þeir sem hyggja á gistingu geta valið úr fjölda fallega útbúinna herbergja en einnig geta gestir nýtt sér aðra aðstöðu á borð við sundlaug, heita potta og afþreyingarherbergi.

Ráðstefnur og hvataferðir

„Hér eru bæði haldnir dagfundir þar sem fólk kemur að morgni og fer heim eftir kvöldverð, og ráðstefnur sem vara nokkra daga,“ segir Jakob. Oft og tíðum nýti hópar hluta tímans til að skoða sig um á Suðurlandi.

Yfirleitt sér Hótel Örk um aðstöðu og veitingar en ef þörf krefur hefur hótelinn aðgang að fólk sem getur tekið að sér skipulagningu funda.

Jólahlaðborðin vinsæl

Jakob hefur þegar tekið við þöntunum fyrir jólahlaðborðin í desember. „Mesti þunginn í þöntunum er á haustin,“ segir Jakob en Hótel Örk getur tekið við allt að 300 manns í mat.

„Jólahlaðborðið okkar verður með hefðbundnu sniði með áherslu á



Jakob er bæði hótelstjóri og yfirmatreiðslumaður á Hótel Örk. Hér stendur hann við glæsilegt jólahlaðborð hótelins.



Öll aðstaða á Hótel Örk er til fyrirmynnar.

villibráð líkt og undanfarin ár,“ upplýsir Jakob en hótelinn býður upp á skemmtidagskrá samhlíða hlaðborðinu. „Núna um jólum mun Ingó Veðurguð sjá um að halda uppi stuðinu.“

Tilboð í sæluna

Undanfarna two áratugi hefur Hótel Örk boðið upp á Sælutilboð. Í því felst gistingar fyrir two ásamt þriggja rétta máltíð af matsæðli á 28.900 krónur.



Námskeið í fyrirlestartækni er góð fjárfesting

Margir óttast það að koma fram fyrir framan hóp af fólk meira en kjarnorkustríð, gjaldþrot og jafnvæl sjálfan dauðan. Í námi og starfi gerist þess þó oftar en ekki þörf og því ekki óvitlaust að fjárfesta í námskeiði í fyrirlestara- og ræðutækni einhvern tíman á lífsleiðinni. Þau eru víða í boði.

Yfirleitt er þar fjallað um tegund, markmið og uppbyggingu ræðu. Eins um framkomu og þá vandasömu list að halda athygli þeirra sem hlusta.

Það er að mörgu að hyggja þegar halda á fyrirlestur eða ræðu. Eftirfarandi punkta er að finna á heimasíðu Símenntunar Háskólans á Akureyri.

Fyrst þarf að skilgreina markhóp. Erindið þarf að taka mið af bakgrunni áheyrendi, aldurssamsetningu, kyni og þekkingu þeirra á efninu. Þá þarf markmiðið með fyrirlestrinum/ræðunni að vera skýrt: Er markmiðið að hafa áhrif á fólk, að fræða eða skemmta? Þá er gott að gera sér grein fyrir aðstæðum á ræðustað; svo sem aðbúnaði, uppröðun borða og tæknilegum atriðum.

Fyrirlestur samanstendur yfirleitt af opnum, meginmáli og samantekt. Hann þarf að vera vel uppbyggdur og skýr. Það er jafn mikilvægt að byrja vel og að enda vel. Áhrifarík opnun og fyrstu áhrif fyrirlesarans hafa mikilvægt um það að segja hvernig til tekst með fyrirlesturinn. Þá skiptir miklu að enda á eftirminnilegan hátt, til dæmis með tilvitnun, mynd, eða fullyrðingu. Uppbygging meginmálsins, sem tekur yfirleitt um 70% af tímanum, verður að vera rökrétt og efnispættir fáir og skýrir.

Besta leiðin fyrir fyrirlesara til að ná athygli og halda henni er að koma efninu frá sér með sannfæringu, krafti og eldmóði. Með því að hækka og lækka róminn, beita líkamstjáningu, nota svipbrigði, handahreyfingar, endurteknigar og þagnir getur fyrirlesari hrifit áheyrendur með sér.

Sjá nánar á: <http://www.simenntunha.is/>

FUNDIR OG VIÐBURÐIR Í EINU AF 25 UNDRUM VERALDAR

FUNDIR

Frábær aðstaða fyrir
smærri sem stærri hópa

VIÐBURÐIR

Einstakt umhverfi Bláa Lónins
gerir tilefnið ógleymanlegt

ÁRSHÁTÍDIR

Matur og þjónusta
á heimsmælikvarða

Bókanir á sales@bluelagoon.is eða í síma 420 8800.

BLUE LAGOON
ICELAND

Fíraðu upp í fjörinu með leikjum

Veisluleikir eru það sem þarf ef deyfð er yfir gestunum. Ef stór hópur fólks, sem þekkist ekki mikið, er saman kominn eru til ýmsir leikir sem fá fólk til að tala saman og enn fleiri sem fá það til að hlæja. Eftirfarandi leikir voru fengnir af síðunni www.funstufftodo.com

Klemmarinn

Í þennan leik þarf að nota litla klemmu, til dæmis eins og notaðar eru í blómabúðum til að klemma blómastilka við grind. Veislustjórinn fær einum gestanna klemmuna og á sá að klemma hana í fatnæð eða hár einhvers annars án þess að viðkomandi verði þess var, færa sig eitt-hvert annað og byrja að telja hátt og snjall niður frá tíu. Allir eiga að taka undir og á meðan leita á sjálfum sér hvort klemman hafi verið fest við þá. Ef klemman finnst þarf sá sem klemmdi að reyna aftur. Ef hún finnst ekki áður en búið er að telja niður að nálli á sá sem klemmdur var að reyna að koma klemmunni á einhvern annan. Klemmarinn ræður alveg hversu langan tíma hann tekur sér. Leikurinn getur tekið allt kvöldið og langt fram á nótt.

Kötturinn í tunnum

Þessi leikur er venjulega ætlaður börnum og er þá tunnan fyllt af sælgæti. Fullorðnar hafa þó jafn gaman af því að slá í tunnu. Fyllið því sæmilega stóran pappakassa eða plasttunnu með fullorðinslegum hlutum, til dæmis litlum plastflöskum með drykkjum. Petta gæti verið skemmtileg leið til að „berja fram“ fordrykkinn!

Hver er ég?

Skrifið nöfn frægra para á miða og nælið á bak veislugesta. Þeir verða síðan að ganga um salinn og finna út hverjir þeir sjálfrir eru og leita einnig uppi hinn aðila parsins. Einungis má spryja hvern einn-

ar spurningar í einu og bara já- og nei-spurninga. Þegar allir hafa parað sig saman þurfa þeir að „pósa“ sem viðkomandi fræga par á mynd.

Ber og rjómi

Setjið tvö kirsüber eða jarðarber hvort í sína skálina og kallið á tvo sjálfboðalíða. Útskýrið fyrir þeim að leikurinn snúist um það hvor verði fyrri til að borða berið upp úr skálinni, án þess að nota hendurnar. Þeir munu sjá fram á auðvelda keppni en þá skaltu óvænt fylla báðar skálarnar með þeyttum rjóma! Sá vinnur keppina sem verður á undan að finna berið og borða það. Vertu með myndavélina tilbúna.

Sardínur í dós

Feluleikur er ekki bara fyrir barnaafmæli. Í stóru húsnæði og stórum hópi er þessi leikur sérstaklega skemmtilegur. Einn úr hópnum er valinn til að fela sig. Eftir tíu mínútur eiga allir að fara að leita hans. Sá sem finnur hann á ekki að láta vita heldur fela sig með honum á sama stað. Áður en langt um líður er hópur fólks samantroðinn inni í skáp, eða inni á baðherbergi og má ekki gefa frá sér tist, sem er erfitt og fyndið. Ef sá síðasti hefur hins vegar ekki fundið hópinn eftir klukkutíma gæti hann verið sofnaður.

Sardínur í dós er skemmtilegur veisluleikur. Hópurinn má ekki gefa frá sér minnsta hljóð, sem er erfitt og fyndið.
NORDIC PHOTOS GETTY



Veisluveitingar í aldarfjórðung

Viðskiptavinir Veislunnar geta valið úr fjölbreyttu úrvali frábærra veitinga fyrir öll tilefni. Veislan hefur starfað í rúman aldarfjórðung og leggur mikla áherslu á úrvals veitingar og vandaða þjónustu fyrir allar gerðir af veislu.

Veislan er alhliða veislubjónusta sem stofnuð var árið 1988 og er því 26 ára í ár. Í rúmlega aldarfjórðung hefur Veislan boðið upp á fyrsta flokks mat og heildarlausnir í veislur af öllum stærðum og gerðum auk þess að veita ávallt persónulega og fagmannlega þjónustu.

Að sögn Árnýjar Davíðsdóttur, sölu- og markaðsstjóra Veislunnar, hefur veislubjónustan ávallt lagt metnað í að bjóða upp á fjölbreyttar veitingar fyrir ólfk tilefni. „Hvort sem fyrirtæki eru að halda fundi, ráðstefnur eða árshátíðir eða fjölskyldur að halda upp á stórafmæli, fermingar eða brúðkaup, þá bjóðum við upp á fjölbreyttar og góðar veitingar.“

Hún segir starfsfólk ávallt reiðubúið til að gefa viðskiptavinum góð ráð við undirbúning veislunnar og þar hjálpi mikið áralöng reynsla þess. „Við höfum á að skipa úrvals starfsfólk á öllum sviðum, til dæmis matreiðslumenn, bakara, smurbrauðsdömur og þjóna. Viðskiptavinurinn getur ávallt komið með sínar sér óskir og við reynum að sjálfsögðu uppfylla þær. Við komum með veitingarnar inn á veisluborði þitt, fallega fram settar. Einnig leigjum við út veislusal, borðbúnað og þjónustu. Við leggjum metnað í góða og vina-lega þjónustu.“

Allar nánari upplýsingar um Veisluna veislubjónustu má finna á www.veislan.is og í síma 561-2031. Á vef Veislunnar má sjá margar fallegar ljósmyndir af því mikla úrvali sem hún býður upp á.



Smurbrauðsdeildin töfrar fram fallegar kaffisnittur, brauðsneiðar og brauðtertur fyrir fundi, afmæli og erfisdrykkjur.



Smáréttahlaðborð með smáréttum og tapasréttum eru vinsæl í parti og móttökur.

MYNDIR/UR EINKASAFNI



Terta með brúðarmassa úr handverksbakaríi Veislunnar sem býður upp á fjölbreytt úrval af tertum, kökum og ýmsu brauðmeti.



Veislan býður upp á ýmis hlaðborð, tveggja til sex rétta seðla og margt fleira. Fyrsta flokks hráefni úr eldhúsi Veislunnar.

Fermingarveislur

ALLT á einum stað. Þetta getur verið ódýrasti valkosturinn. Full veislujónusta og veitingar í Lionssalnum Lundi, innifalið er m.a. salarleiga, taudúkar, full þjónusta, skjávarpi, píanó, gos, kaffi o.fl....

Fáðu tilboð eða skoðaðu [Fermingarveislur.is](#)

Lambalæri með öllu (ódýrt)
Brunch eða kaffihlaðborð
Glæsileg steikarhlaðborð
Mexíkoskt eða austurlenskt



Jólahlaðborð

2 teg lax – 6 teg síld – Reykt hrefna – Hreindýraterriné – Gæsamousse – Grafín kind – Tvíreykt sauðalæri - Kalkúnabringur með þakkargjörðarfyllingu (7 tíma steiking) - Hamborgarhryggur - Purrusteik - Hreindýrabollur - Heimabakað rúgbrauð –Eftirréttáúval

60-200 manns í Lionssalnum Lundi
30-300 manns í heimahúsum eða öðrum veislusölum

Pantaðu núna



Ráðstefnuþjónusta

Frábær morgunverður
Fjölbreyttur hádegisverður
Síðdegiskaffi
Veislukvöldverður

Allar samsetningar eru eftir ykkar óskum

Porrablót

Frábær þorrastemmning
Heimabakað rúgbrauð og súrmatur
Aðeins gæðahráefni, hákarl, hvalrengi, harðfiskur o.fl.

60-200 manns í Lionssalnum Lundi
30-300 manns í heimahúsum eða öðrum veislusölum

Pantaðu núna



Cocktail .is

Veislujónusta

Lionssalurinn Lundur s. 899 8994

cocktail@cocktail.is - salur@salur.is

Afmælisveislur og pinnamóttökur

Matarmikil pinna- og smáréttaborð

Sjávarréttir
Grænmetisréttir
Kjötumiklir matseðlar
Sushi
Ostar
Súkkulaði
Ávextir
Þjónustufólk og borðbúnaður



60-200 manns í Lionssalnum Lundi
30-1000 manns í heimahúsum, fyrirtækjum eða öðrum veislusölum

Brúðkaupsveislur

- Brúðkaupsráðgjöf
- Brúðkaupsþjónusta
- Brúðkaupsveislur.is

60-200 manns í Lionssalnum Lundi – Ekkert tappagjald – Leyfi til kl. 03:00
Allt að 300 manns í heimahúsum eða öðrum veislusölum

Pantaðu núna



Veitingar sem hæfa hverri veislu

Pegar veislu skal halda er að mörgu að huga. Stærsta atriðið er veitingarnar. „Hvernig var maturinn?“ er spurning sem allir hafa einhvern tíma fengið eftir að hafa komið heim úr veislu, sama af hvaða tilefni veislan var haldin.

Pað fer að sjálfsögðu eftir því hvers konar veislu skal halda hvaða rétti á að bera á borð og með hvaða sniði veislan á að vera. Er staðið eða setið? Er börnum boðið?

Er boðið upp á áfengi? Og fleira og fleira. Veitingar fara líka eftir tíðarandanum. Í

brúðkaupsveislum sjöunda áratugarins var boðið í kaffi og kökur en það þekkist varla í dag. Núna eru veislurnar yfirleitt með stærra sniði og oft boðið upp príréttan matseðil.

Hér á eftir verða tekin dæmi um vinsælar veitingar í nokkrum mismunandi veislum.

BRÚÐKAUP

Steikur. Margir kjósa að hafa nokkrar tegundir af kjöti, til dæmis naut eða lamb og svo hvít kjöt með, kalkún eða kjúkling.

Brúðarterta. Óaðskiljanlegur hluti brúðkaupa er brúðartertan. Þær eru hins vegar eins ólíkar og þær eru margar en í seinni tíð hefur það færst í aukana að hafa súkkulaðertur í stað marsipan- og rjómaterta.



AFMÆLI

Fingramatur. Djúpsteiktar risarækjur, beikonvafðar döðlur, upprúlluð skinka með aspas, litlar kjötballur með sósu ... í þessum veislum geta allir fundið eitthvað við sitt hæfi.

Sushi. Síðastliðin ár hefur neysla á sushi aukist gríðarlega og er það orðið vinsæll veislumatur enda fjölbreyttur og þægilegur í framreiðslu.

FERMING

Brunch. Undanfarin ár hefur verið í tísku að bjóða gestum í brunch í tilefni fermingar. Þá er skellt í eggjahræru og amerískar pönnsur með sírópi, beikon steikt og grænmeti og ávextir skornir niður.

Fermingarterta. Það er eins hér og með brúðarterturnar, fermingarterturnar eru eins misjafnar og þær eru margar en gamla, góða kransakakan er enn tifour gestur á veislaborðinu.



ERFISDRYKKJA

Erfisdrykkja er sérstök tegund af veislu og vafamál hvort hægt sé að kalla þær veislur. Engu að síður er yfirleitt boðið upp á veitingar í erfisdrykkjum og þá er smekk þess sem verið er að kveðja yfirleitt hafður í heiðri. Gamaldags kaffihlaðborð eru oft valin í þessum tilfelli.

Brauðtertur. Brauðterturnar klikka seint hvort sem þær eru með rækjum, skinku, laxi eða túnfiski.


Flatkökur með hangikjöti. Þessi samsetning fellur vel að smekk flestra.

Pönnukökur með sykri. Þessar klístruðu sem voru með kaffinu á sunnudögum í þá gömli, góðu daga.

VILTU
HALDA
VEISLU?



Jón Sigurðsson er eigandi Sólons Bistro.



MYNDIR/VALLI

FERMINGAR
BRÚÐKAUP
ÁRSHÁTÍÐIR
ERFISDRYKKJUR
FUNDIR
RÁÐSTEFNUR
AFMÆLI

EFRI SALURINN ER LAUS FYRIR ÞIG ...

SÓLON
BISTRO • BAR

BANKASTRÆTI 7A - 101 REYKJAVÍK - S. 562 3232

Í hjarta Reykjavíkur

Á efri hæð Sólons Bistro er glæsilegur veislusalur sem er leigður út með veitingum. Salurinn hentar fyrir margs konar tilefni og er einstaklega bjartur og fagur.

Kaffihúsið Sólón Bistro er á besta stað í miðborg Reykjavíkur, í glæsilegum og björtum húsakynnum. Staðurinn hefur um árabíl notið mikilla vinsælda enda býður hann upp á ljúffenga rétti á sannigjörnu verði.

„Sólón er þekktur fyrir gómsætan mat á góðu verði og því frábær kostur fyrir þá sem vilja fá sér hádegismat og kvöldverð alla daga vikunnar,“ segir Jón Sigurðsson, eigandi Sólons Bistro. Jón segir færri vita að á efri hæð Sólons sé glæsilegur veislusalur, kallaður Efri salurinn.

„Efri salurinn er leigður út með veitingum og hýsir með góðu móti 85 manns í sitjandi borðhaldi og 130 í standandi veislum. Salurinn hentar vel fyrir afmæli, fermingarveislur, fundi, brúðkaupsveislur, vinnustáðapártí eða önnur tilefni lífsins, hann er bjartur og fagur og hefur auk þess yndisfagrarr svalir sem er vinsælt að kíkja út á.“

Á matseðlinum er úrval girnilægra rétta og eru veisluréttir sér-sniðir að þörfum hvers hóps sem heldur veislu á Sólón Bistro.

„Tapashlaðborð er til að mynda afar vinsælt og saman-

stendur af vel útilánum tapas-snittum og nauta- og kjúklingaspjótum. Svo bjóðum við úrval léttar vína.“

Efri salurinn er vel búinn fyrir veislur og ráðstefnur og er búinn hljóðkerfi fyrir tónlistarflutning, myndvarpa og tjaldi, og hægt er að tengja tölvur, myndbandstæki og DVD-tæki við myndvarpa og hljóðkerfi.

„Á efri hæðinni er einnig forlata bar og við útvegum tónlistarfólk, plötusnúða og hvaðeina sem vantár í skemmtilega veislu á Sólón Bistro.“

Nánari upplýsingar á solon.is.

Mér finnst gaman að vera listamaður ur á sama tíma og ég er bissnesskona

bundin. Það eru mikil rólegheit í kringum okkur. Ég efast samt ekki um ef þú kæmir heim til okkar fyndist þér við lífa lúxuslifi. Við búum vel í Palm Desert sem er eins og Beverly Hills eyðimörkinni. Bill Gates býr rétt hjá okkur og ég fá húshjálp einu sinni í viku. Við förum í veislur með frægasta og valdamesta fólk í heimi. Auðvitað er það glamúrus. En ég er aðallega þakklát fyrir þá upplifun. Ég er ekki í þessu fyrir glamúr. Ég er í þessu því ég er með ástríðu fyrir góðum sögum. Mér finnst gaman að vera listamaður á sama tíma og ég er bissnesskona," segir Margrét sem stefnir hátt.

„Mér finnst fólk stundum setja draumana sína ofan í skúffu. Ég hvet fólk eindregið til að fara á eftir draumunum, sérstaklega þeim stóru þar sem þú ferð allhressilega út fyrir þægindahringinn. Ég stefni á að gera stórar myndir og stórar sjónvarpsseríur.“

Í formi eftir fertugt

Margrét hugar vel að heilsunni. „Ég man eftir konum sem undirbjuggu sig sérstaklega fyrir það að verða fertugar. Ég hélt að ég yrði undantekning en svo var ekki. Ég er búin að taka mig í gegn og aðhyllist möntruna „fit after forty“ eða í formi eftir fertugt. Ég borda mikil af próteinríkri fæðu og æfi fimm til sex daga vikunnar. Það sem gerist hjá konum eftir fertugt er að það snarhægist á brennslunni og vöðvamassinn rýrnar mjög hratt. Þá þurfum við að borda mikil prótein og æfa. Þetta var algjört lykilatriði að skilja. Við þurfum að ákveða hvort við ætlum að verða líkamlega gamlar strax eða ekki og hvort við viljum halda í æskuljómann eins lengi og við getum. Ég hræðist það ekki að eldast. Ég veit algjörlega hvað ég vil og aðallega hvað ég vil ekki.“

Annað sem Margrét hefur gert um árabil er að leita reglulega til sálfræðings.

„Í Los Angeles telur fólk að það sé eithvað að manni ef maður er ekki hjá sálfræðingi og liðið er á sálfræðing manns sem mikil stöðutákn. Ég fór ung í þerapíu og það sem gerist er að þú burðast ekki lengur með bakpoka til að lífa af heldur blómstrar.“

Mikil þörf á Íslandi

Nú hefur Margrét tekið að sér enn eitt verkefnið, og það verðugt – að vera einn af talsmönum Fjölskylduhjálpars Íslands.

„Á Íslandi eru um sex búsunum manns á skrá hjá Fjölskylduhjálp Íslands og fjögur til fimm búsunum börn sem njóta góðs af matargjöfum. Í haust fer af stað herferð, eða aðallega vitundarvakning, um hvað þessi börn eru að borða. Við ætlum að setja af stað söfnunarátk svö hægt sé að bæta meira af grænmeti, ávöxtum, fiski og hreinna kjöti við matargjafirnar og stuðla að heilbrigðu mataræði. Átakið heitir Íslandsforeldri/rar sem vísar í að Íslendingar eru mjög duglegir að hjálpa börnum erlendis. Það er frábært og það er mikil þörf en það er líka mikil þörf á Íslandi. Við þurfum að haetta að tala um þetta sem feimismál og vera algjörlega opin fyrir því að vera vakandi fyrir náunganum.“

Að lokum forvitnast blaðamaður um forsíðumyndina sem Margrét sjálf fékk hugmyndina að.

„Alla alvöru framleiðendur dreymir um tvö aðstoðarmenn.“

Myndaalbúmið



Margrét ásamt syni sínum, Ragnari ● Margrét og Jón Óttar með Eiði Smára við tókur á Dulda Ísland ● #FitAfter40 ● Margrét og Jón Óttar á brúðkaupsdaginn í fyrra

O.P.I.

NORDIC

FATAŠKÁPURINN MARÍA BIRTA

María Birta, leikkona og verslunareigandi: „Stíllinn minn er rokkaður í bland við kvenleika, en ég er þó oftast svartklædd. Lífsstíll minn hefur tekið hamskiptum síðustu árin og hugsun mín til fataškaupar með breyst mikið. Ég leyfi mér frekar að kaupa fallega hönnun í dag en ég gerði áður fyrr, en ég blanda merkjavöru mikið við einfalda boli og buxur, en ég er ekki feimin við að vera í of littu eða of miklu, en þori þó að viðurkenna að mér finnst ég nakin án skartsins míns. Ég og verslunin míni, Manía, tökum alltaf breyttingum saman og það mun sjást á næstu mánuðum í hvers konar stuði ég er, en næstu sendingar verða t.d. bara djúsí síðar peysur, slár, gallabuxur, plain bolir og svartir hversdagsskór,“ segir María Birta er hún sýnir uppáhaldsfatnað sinn úr fataškápnum.



Mér finnst ég vera nakin án skartgripanna minna.

1 „Mig hefur í mörg ár dreymt um að eignast fallegan Balmain-jakka og ég létt það eftir mér í fyrra og því mun ég aldrei sjá eftir. Þessi jakki er eins og hannaður á mig.“

2 „Marios-peysan míni var gjöf frá vinkonu minni, en ég hef notað hana a.m.k. 5 sinnum í viku síðan þá ... komin fjögur ár síðan og ég bara get ekki skilið við þessa peysu! Ég nota hana við öll tilefni, en mér finnst hún passa við allt.“

3 „Ralph Lauren-taskan míni var jólagjöf frá mömmu í fyrra og ég hef notað hana mikið síðan.“

4 „Þessir svörtu skór komu með síðustu skósendingu í Maníu og þeir eru svo þægilegir að ég hef varla farið úr þeim síðan ... svo þeir eru nýjasta uppáhaldið.“

5 „Ég keypti mér þennan MCQ-kjól í fyrra þegar ég var að fara með myndinni „minni“, XL, á kvik-myndaháttíðina í Karlovy Vary, en hann hefur verið í uppáhaldi síðan.“

ÁSTARDROTTNINGIN

Í hartnær 30 ár hafa Íslendingar notið þess að sökva sér niður í eldheitar ástar- og örlagasögur Rauðu seríunnar sem einnig eru gefnar út á rafbókaformi.

Rauða seríán varð til í kreppunni árið 1985. Þá vantaði okkur vinnu í Ásprenti á Akureyri,“ segir Rós Guðmundsdóttir, eigandi Ásútgáfunnar sem undanfarin 29 ár hefur séð Íslendingum fyrir ástar-, spennu- og örlagasögum af bestu gerð.

„Viðtökurnar voru strax góðar og landsmenn tóku Rauðu seríunni fagnandi,“ segir Rós um bókakostinn sem samanstóð fyrst af ástarsögum en svo bættust við sjúkrasögur, örlagasögur og sögur um ástir og afbrot, ástir og undirferli og ástir og óvissu.

Rós gerði útgáfusamning við kanadísku alheimstútgáfuna Harlequin Enterprises sem sendir til hennar sextíu bókartitla í hverjum mánuði.

„Sjálf les ég allar bækurnar og vel úr þær bestu. Ef bókin er ekki örðin spennandi á fimmtándu blaðsíðu tek ég hana ekki með. Stundum geymi ég bókartitla í eitt til tvö ár, til að ná úr þeim góðri seríu, því Íslendingar eru aðfræðingar í eðli sínu og njóta þess að fylgjast með afkomendum og afdrifum söguhetjanna,“ upplýsir Rós um snjallræði sem alheimstúgfán vestra hefur nú einnig tekið upp, við miklar vinsældir eins og hér heima.

Í hverjum mánuði gefur Ásútgáfan út sex prentaðar bækur og sex rafbækur í Rauðu seríunni.

„Markmiðið er að gefa út ódýrar og góðar bækur sem koma alltaf út fyrsta dag mánaðarins. Lesendur geta þá treyst því að fá vel þýdda og góða lesningu í hendur því góð þýðing er gulls ígildi.“

Mánaðarleg útgáfa Rauðu seríunnar selst í þúsundatali. Á vefsíðu Ásútgáfunnar koma rafbækur út sama dag og þeim er dreift í verslanir, en á enn betra verði og hægt að eignast eldri og nú fágæt- ar bækur seríunnar.



Rós Guðmundsdóttir, eigandi Ásútgáfunnar, segir lesendur Rauðu seríunnar gjarnan hringja spennta í lok mánaðar til að vita hvort bækurnar komi kannski aðeins fyrr út ef mánaðamótin lenda á helgi.



MATUR ÁVANABIND- ANDI EN HOLLT SNAKK

Rikka á heiðurinn af þessu girnilega og holla snakki sem er tilvalið til að narta í milli mála.

Grænkálssnakk

- 1 búnt grænkál
- 3 msk. ólífuolía
- 1 tsk. sjávarsalt
- nýmalaður pipar, eftir smekk
- ½ tsk. paprikukrydd
- smjörpappír

Hitið ofninni í 180°C. Skerið stilktinn frá grænkálsblöðnum og raðið á pappírskládda ofnplötu. Hellid ólífuolíu yfir blöðin og veltið þeim upp úr olíunni. Kryddið með salti, pipar og paprikukryddi. Bakið blöðin í u.p.b. 15–20 mínútur.

Hnetublanda

- 70 g kasjúhnetur
- 70 g pekanhnetur
- 70 g möndlur
- 50 g graskersfræ
- 1 msk. hampfræ
- 1 msk. smjör
- 1 msk. hlynsíróp
- 1 msk. rósmarin
- chiliflögur á hnífssoddi
- salt eftir smekk

Burrristið hneturnar og fræin á meðalheitri pönnu. Bætið hampfræjunum saman við og ristið í stuttu stund. Bærið smjörinu út á pönnuna ásamt hlynsírópi, rósmarin og chiliflögum. Saltið og berið fram.

„Ég hef alltaf haft skýra framtíðarsýn og látið úrtölur annarra verða mér að hvatningu. Í upphafi þótti flestum hugmyndin um ástarsögurnar fráleit og enn fáránlegri þótti hugmyndin um rafbækurnar sem ég byrjaði að selja árið 2010. Mér þykir gott að synda á móti straumnum og veit að hugmyndin er góð þegar aðrir hrista hausinn,“ segir Rós hlæjandi.

Lesendur Rauðu seríunnar

